



ROLEX
Franch Michelsen
 ÚRSMÍÐAMEISTARI
 LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVSS.IS

MARKAÐURINN

Lausnir
 bættu skorið...!!!
 nánar www.lausnir.is

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Miðvikudagur 9. apríl 2008 – 14. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Erlend lán
 Vaxtamunur dregur úr áhættu



Þjóðkirkjan
 Milljarða rekstur



Sigurjón P. Arnason
 Bankastjórinn á fáar frístundir



EVROPSKI SEÐLABANKASTJÓRINN
 Bankar og fjármálafyrirtæki í Evrópu fengu jafnvirði 1.100 milljarða króna að láni hjá bankanum í gær.

Dæla fé inn á markaðinn

Evrópski seðlabankinn veitti 32 bönkum fimmtán milljarða dala, jafnvirði tæpra 1.100 milljarða íslenskra króna, að láni til næstu 28 daga í gær. Þetta er rúmlega helmingi minna en fyrirtækin höfðu sóst eftir að fá.

Þetta er sjötta skiptið sem seðlabankinn lánar bönkunum með þessum hætti og er liður í samþættum aðgerðum bankans og seðlabanka Bandaríkjanna og fleiri landa. Þetta var ákveðið seint á síðasta ári með það fyrir augum að auka lausafé í umferð, að sögn fréttastofu Reuters. -jáb

FRÉTTIR VIKUNNAR

Ekkert fegrað | Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs, hafnar því að tilfærslur í eignum séu gerðar til þess að fegra bókhald Baugs Group. Fjárfestingar Baugs í fjölmiðlum, tækni og fjármálum renna til tveggja félaga, tengdum Baugi,

Sölutryggingin bjargaði | Baldur Guðnason, fyrrverandi forstjóri Eimskips, seldi félaginu bréf fyrir rúma 2,5 milljarða. Hann keypti bréfin fyrir rétt tæpu ári, en þau voru sölutryggð á genginu 37,76. Gengið við sölu var 24,7. Baldur fékk þannig 900 milljónum krónum meira fyrir bréfin en sem nam markaðsvirðinu.



Úr fasteignum | Glitnir breytir áherslum sínum í Lúxemborg og hættir fasteignalánastarfsemi. Þannig losar Glitnir sem svarar 100 milljörðum króna í lausafé.

Stærsta fyrirtæki heims | Breski bankinn HSBC er orðinn stærsta fyrirtæki heims samkvæmt lista bandaríska viðskiptatímaritsins Forbes. Bandaríski bankinn Citigroup hefur verið stærsti bankinn frá árinu 2004 en fékk verulega að kenna á undirmálslánakreppunni og er nú í 24. sæti.

Gjaldeyrismet | Metvelta var á gjaldeyrismarkaði í marsmánuði en samkvæmt tölum sem Seðlabankinn birti fyrir helgi nam velta á millibankamarkaði 1.212 milljörðum kr. í mars og hefur aldrei verið meiri í einum mánuði.

Fjórir vogunarsjóðir stóðu fyrir árásum

Stjórnarformaður Kaupþings segir atlöguna kerfisbundna, en allt bendi til þess að henni hafi verið hrundið.

Björn Ingi Hrafnsson
 skrifar

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, sakar fjóra erlenda vogunarsjóði um að hafa staðið fyrir kerfisbundnum árásum á íslenskan fjármálamarkað og íslensku bankana síðustu vikur og mánuði. Segir hann miklu hafa verið kostað til í þeim tilgangi að hagnast með skortstöðum í hlutabréfum og skuldutryggingum. Allt útlit sé fyrir að atlögunni hafi verið hrundið með því að fara beinlínis í hart við þá vogunarsjóði sem hafi ætlað sér að keyra íslenska banka í þrot með þessum hætti og hagnast sjálfir á því.

Að sögn Sigurðar hafa stjórnendur Kaupþings sett sig í samband við forsvarsmenn fjölmiðla víða um lönd síðustu daga í því skyni að skýra frá kerfisbundnum atlögunum slíkra spákaupmanna og hvernig vinnubrögðum þeir beita. „Mér sýnist að það séu einkum fjórir vogunarsjóðir sem hafa stundað þetta af miklum krafti,“ segir hann

og nefnir til sögunnar Trafalgar, Landsdowne, Ako Capital og Cheney, sem allir hafi höfuðstöðvar í Lundúnum. Ljóst sé að þessir aðilar og fleiri hafi tekið skortstöðu í skuldutryggingum, en snúið sér svo að því að hafa kerfisbundið samband við erlenda fjölmiðla og greiningardeildir banka með neikvæðar spurningar og athugasemdir um íslenskt efnahagslíf og bankana. Við það hafi skuldutryggingarálag tekið að hækka og þeir náð umtalsverðum hagnaði gegnum skortstöður sínar. Samkvæmt heimildum Markaðarins er um mjög stórar upphæðir að ræða í slíkum viðskiptum, jafnvel tugi eða hundruð milljarða króna.

Sigurður bætir þó við að margt bendi til þess að þessar tilraunir sjóðanna hafi tekist til styttri tíma, en muni ekki ganga upp til lengdar. Nú fari álagið lakkandi og þar með ágóði skorttökuaðila, auk þess sem greinendur og fjölmiðlamenn séu meira á varðbergi fyrir fréttum af Íslandi en áður. „Menn láta ekki plata sig aftur og aftur,“ bætir hann við.

Sjá síðu 13

Indverjar vilja semja um fríverslun

Viðræður getu hafist á næstu sextíu dögum og stefnt á að ljúka þeim á ári.

Indversk stjórnvöld eru tilbúin að hefja fríverslunarviðræður við Ísland og aðrar EFTA þjóðir á næstu sextíu dögum og klára þær viðræður á einu ári. Þetta segir Bjarni Benediktsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, sem er nýkominn heim frá Indlandi þar sem viðræður um þetta fóru fram.

Í gær var til umræðu á Alþingi þingsályktunartillaga um fullgildingu á fríverslunarsamningi milli EFTA-ríkjanna og Kanada sem undirritaður var 26. janúar 2008

í Davos í Sviss. Sá samningur nær fyrst og fremst til vöruiðskipta eins og sjávarafurða og iðnaðarvara. Jafnframt munu samningsaðilar lækka eða fella niður tolla af ýmsum unnum landbúnaðarvörum.

Bjarni segir að samningurinn við Indland yrði með svipuðu formi og sá sem gerður hefur verið við Kanada, það er á vettvangi EFTA. Ásamt Íslandi eru Liechtenstein, Noregur og Sviss aðilar að þeim fríverslunarsamningum.

Formaður utanríkismálanefndar

segir að eftir því sem Evrópusambandið stækki þurfi að taka tillit til fleiri og fleiri sjónarmiða. Það hafi þynnt út allar fríverslunarviðræður sambandsins við stór ríki eins og Kína og Indland. Því sé orðið algengara að taka upp tvíhliða samningaviðræður um fríverslun í stað stórra alþjóðlegra samninga.

Auk þess að vera í samningaviðræðum um fríverslun við Kanada eru íslensk stjórnvöld að ræða við kínversk stjórnvöld um gerð viðskiptasamnings.

-bg

TrackWell
 Tíma- og verkskráning
 Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyriseirkingar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK	14,90%*
GBP	5,40%*
USD	2,70%*
CAD	3,70%*
EUR	3,80%*
DKK	4,30%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðsýsingar og útdráttar úr útboðsýningu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli (act/360) frá 3. mars – 1. apríl 2008.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	1,9%	-24,2%
Bakkavör	9,3%	-22,8%
Exista	21,5%	-36,0%
FL Group	9,6%	-52,3%
Glitnir	4,9%	-17,5%
Eimskipafélagið	5,8%	-29,4%
Icelandair	-2,2%	-11,9%
Kaupþing	7,2%	-2,2%
Landsbankinn	3,2%	-13,9%
Marel	-0,6%	-9,9%
SPRON	27,0%	-40,3%
Straumur	7,8%	-16,2%
Teymi	3,0%	-25,6%
Össur	-0,8%	-6,6%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Baugur einbeitt sér að smásölu

Sala á eignum Baugs auðveldar fjármögnun félagsins á erlendum vettvangi.

„Þetta er stefna sem við kynntum á síðasta ári og erum að keyra í gegn. Baugur Group verður gagnsærra félag, sem auðveldar fjármögnun þess erlendis,“ segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs. Félagið stokkaði verulega upp í eignasafni sínu í fyrradag þegar það tilkynnti um sölu og tilfærslu á eignarhlutum sínum í rekstri fjölmiðla og upplýsingafyrirtækja hér heima og erlendis.

Kaupendur að hlutum Baugs í fjölmiðlarekstri og upplýsinga-

tækni eru stærstu hluthafar Baugs; Jón Ásgeir Jóhannesson, Ingibjörg Pálmadóttir og tengdir aðilar. Kaupendur að hluta félagsins í FL Group eru hins vegar Styrkur Invest, félag Þorsteins Más Baldvínssonar, kennds við Samherja, og stjórnarformaður Glitnis.

Baugur mun eftirleiddis einbeita sér að smásölu-



GUNNAR SIGURÐSSON Forstjóri Baugs.

verslun með áherslu á fjárfestingar hér og á hinum Norðurlöndunum, í Bretlandi og Bandaríkjunum, að sögn forstjórans.

Verðmæti viðskiptanna nemur 65 milljörðum króna. Gunnar segir að greitt verði fyrir með reiðufé og hlutabréfum. Ekki verði uppgjafið hvert hlutfall reiðufjár sé í viðskiptunum, að hans sögn. - job

Samkeppni til athugunar

Alþjóðaefnahagsráðið (World Economic Forum) stendur nú í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands fyrir könnuninni Executive Opinion Survey 2008 meðal stjórnenda í fyrirtækjum landsins. Könnunin er mikilvægasti þátturinn í skýrslu Alþjóðaefnahagsráðsins um samkeppnishæfni þjóða, Global Competitiveness Report, sem reiknað er með að komi út í enda árs.

Í síðustu könnun sem gerð var í fyrra var Ísland í 23. sæti í samkeppnishæfni þjóða. - job

Vextir gætu hækkað

Seðlabankinn gefur út efnahagsspá á morgun.

Farið gæti svo að Seðlabanki Íslands hækki stýrivexti um 0,5 prósentustig á morgun, gangi eftir spá greiningardeilda Landsbankans og Glitnis. Hjá Kaupþingi gera sérfræðingar greiningardeildar hins vegar ráð fyrir óbreyttum vöxtum áfram.

Seðlabankinn kynnir vaxtaákvörðun sína í fyrramálið, samhliða því að kynnt verður útgáfa Peningamála, efnahagsrits bankans. Þar er farið yfir horfur og birtar væntingar Seðlabankans til þróunar efnahagsmála, auk þess sem kynntur er sá stýrivaxtaferill sem líklegastur þykir miðað við þær horfur.

Landsbankinn og Glitnir segja væntingar um aukna verðbólgu þrýsta á um stýrivaxtahækkun Seðlabankans, en þeir verða 15,5 prósent gangi spá þeirra eftir. Kaupþing telur hins vegar að vextirnir haldist í 15 prósentum, þótt gengisveiking og meðfylgjandi verðbólgu komi til með að fresta vaxtahækkunarferli bankans. Kaupþing telur að Seðlabankinn lækki vexti í september og fari þeir þá í 14,5 prósent. Greining Glitnis er sama sinnis um upphaf lækkunarferlisins, en telur að vextir verði ekki komnir í 14,5 fyrir en í lok árs.

Greiningardeild Landsbankans



Á ÁRSFUNDI SEÐLABANKANS Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, fjallar um þróun og horfur á ársfundi bankans í marslok.

MARKAÐURINN/ANTON

heldur að lækkunarferlið hefjist síðar, eða í nóvember og þá verði lækkað um 0,75 prósentustig og árið endi í 14,75 prósentu stýrivöxtum. Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildarinnar, áréttar hins vegar að spá þessi sé breytingum háð, og verði uppfærð eftir því sem fram komi viðbendingar í hagvísunum.

Sérfræðingar búast við aðgerðum ríkis og Seðlabanka sem stutt geti við gengi krónunnar. „Við eigum von á tvennu, stækkun gjaldeyrisforðans og skiptasamningum við erlendan seðlabanka,“ segir Edda Rós. Hún kveðst þó ekki búast við miklum yfirlýsingum um þessi mál á fundi Seðlabankans á morgun, enda kunnir samningar um þessi mál að vera þyngri í vöfum en menn hafi almennt gert ráð fyrir. - óká

Rangar upplýsingar af markaði

Gögn um dagslokaverð frá mánudeginum 7. apríl skiluðu sér ekki rétt frá Kauphöll Íslands og fengu fjárfestar því rangar upplýsingar í gær um verðþróun hlutabréfa. Svo virðist sem notaðar hafi verið upplýsingar frá því á föstudag og hækkun mánudagsins þurrkuð út.

Byrjunarverð bréfa Kaupþings var þannig í gærmorgun skráð 2,4 prósentum undir lokagengi

mánudagsins, 840 krónur á hlut í stað 861 krónu. Þá sýndi SPRON 5 prósentu hækkun í fyrstu viðskiptum þótt raunin væri lækkun upp á tæp 3,7 prósent.

Mentis, sem rekur Markaðsvaktina, en það er forrit sem miðlar upplýsingum úr Kauphöll, sendi rétt eftir opnun markaðar í gær frá sér tölvupóst þar sem fjárfestar og aðrir notendur voru varaðir við villunni og sagt að unnið væri að viðgerð. - óká

Kauptækifæri sögð í tveimur félögum

Í nýrri afkomuspá Glitnis er Úrvalsvisitölunni spáð í 5.600 stig í árslok. Lækkun ársins verður þá 11,3 prósent.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Ný afkomuspá greiningardeildar Glitnis er talin hafa stuðlað að hækkun á gengi hlutabréfa í lok síðustu og byrjun þessarar viku. Sér í lagi er horft til áhrifa á Existu og FL Group.

Á mánudag hafði Exista hækkað um 21,5 prósent og FL Group um 9,6 prósent á einni viku. Félögin eru tiltekin sérstaklega í spánni sem undirverðlögð í alþjóðlegum samanburði, um leið og helstu undirliggjandi eignir þeirra eru sagðar traustar. Reiknað er með því að bréf þessara félaga hækki um meira en fimmtung á næstu 12 mánuðum.

Afkomuspá Greiningar Glitnis var dreift í lok vikunnar til stærstu fjárfesta og viðskiptavina bankans.

Í spánni kemur fram að sérfræðingar greiningardeildarinnar séu hóflega bjartsýnir á íslenska hlutabréfamarkaðinn til næstu mánaða og næsta árs, en reiknað er með „krefjandi ytri aðstæðum fram yfir mitt þetta ár“. Á seinni hluta ársins er svo gert ráð fyrir að birti aðeins til á hlutabréfamarkaði hér, samhliða því að dragi úr lánsfjárvandamálum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Þróunin næsta kastið er hins vegar sögð munu ráðast af aðgengi íslenskra fyrirtækja að fjármagni.

Innan ársins spáir Glitnir hins vegar 11,3 prósentu lækkun Úrvalsvisitölu Kauphallarinnar, en hún stóð í 6.318 stigum við upphaf viðskipta. Telur bankinn að hún standi í 5.600 stigum í lok þessa árs. Samkvæmt þessu eiga helstu fyrirtæki Kauphallarinnar ekki eftir mikla hækkun það sem eftir lifir ársins, en vísitalan er nú rétt við 5.360 stig. Samkvæmt því á vísitalan inni tæplega 4,5 prósentu hækkun út árið.

Afkomuhorfur fyrirtækja hafa almennt versnað frá því að greining Glitnis gaf síðast út spá í janúar. „Á þetta sérstaklega við um fjárfestingafélögin FL Group, Exista og Atorka, en gengi þeirra ræðst að mestu af gengi undirliggjandi skráðra eigna,“ segir í afkomuspánni og á það bent að fyrsti fjórðungur þessa árs hafi einkennst af miklum lækkunum á innlendum og erlendum mörkuðum.

Afkoma bankanna er hins vegar sögð munu verða ásættanleg. „Bankarnir hagnast verulega á gengis-

FJÁRFESTINGARÁÐGJÖF GLITNIS

Félag	Verð 1. apríl	Mark- gengi	12 mán. breyting	Ráðgjöf
365	1,31	1,42	8,4%	Halda
Alfesca	6,80	7,40	8,8%	Auka
Atorka Group	7,40	8,50	14,9%	Auka
Bakkavör	41,5	49,0	18,1%	Auka
Eik Banki	370	430	16,2%	Auka
Eimskipafélagið	22,2	24,0	8,4%	Halda
Exista	10,5	12,6	20,6%	Kaupa
Föroya Banki	151	175	16,3%	Auka
FL Group	6,34	7,70	21,5%	Kaupa
Icelandair Group	24,5	27,0	10,2%	Halda
Kaupþing	802	950	18,5%	Auka
Landsbankinn	29,5	35,0	18,6%	Auka
Marel Food Systems	91,8	100	8,9%	Halda
SPRON	4,27	4,80	12,4%	Auka
Straumur-Burðarás	11,7	13,5	15,2%	Auka
Teymi	4,27	4,70	10,1%	Auka
Össur	93,2	112	19,7%	Auka

Í afkomuspá Greiningar Glitnis eru Exista og FL Group þau félög sem tilgreind eru sérstaklega sem vænlegir fjárfestingarkostir, en fjárfestum er ráðlagt að auka við eign sína í ellefu félögum.

lækkun krónunnar en á móti vegur tap af verðbréfaeignum. Þá má búast við að vanskil í bankakerfinu fari vaxandi og dregið hefur úr væntingum um arðsemi af fjárfestingabankastarfsemi.“

Þá eru ytri aðstæður sagðar rekstrarfélögum erfiðar, þótt minni sveiflur einkenni afkomuspá þeirra á árinu. „Við drögum þó úr afkomuvæntingum okkar fyrir Bakkavör og Marel. Þá hefur lækkun krónunnar haft verulega neikvæð áhrif á Teymi en skuldir félagsins eru að mestu leyti í erlendri mynt. Önnur félög líkt og Össur og Alfesca eru minna háð ólgusjó á fjármálamörkuðum.“

Þessa árs segir Glitnir að verði minnst í sögubókum fyrir ástandið á fjármálamörkuðum. „Enn ríkir óvissa um endanlegt tjón vegna bandarískra undirmálsánavafninga og lítið traust ríkir milli aðila á markaði sem eykur áhættufælni fjárfesta.“

Skútvogur 1

Reykjavík
Til sölu eða leigu

Stærð: 347 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1992
Brunabótamat: 43.050.000
Bílskúr: Nei



Bókið skoðun í s. 770-4040

Verð: 70.000.000

RE/MAX Lind kynnir: Skútvog 1 F um er að ræða tvö jafnstór bíl 173,7 (samtals 347,4)annað er á jarðhæð með innkeyrsludrygum og er tilvalinn sem lager. Efri hæðin er í dag innréttað sem skrifstofa. Lýsing efri hæðar: gólfefni, náttúrusteinn á forstofu annars er parket. Tvær stórar skrifstofur eru á efri hæð ásamt góðri og stóri móttöku. Eignin er laus nú þegar og bílin seljast saman sem ein heild. Jafnvel skoðar eigandinn að leigja eignina til langstíma.

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remmax.is

RE/MAX

Lind

Páll Guðmundsson
Sölufulltrúi
861 9300
pall@remax.is



Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
7704040
gylfi@remax.is




Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.



thorarrinn@remax.is

skv. könnun Capacent 1. nóv. 2007-31. jan. 2008



Við stöndum upp úr

Markaðurinn, viðskiptablað Fréttablaðsins, er með 55% meiri lestur en Viðskiptablað Morgunblaðsins miðað við 20-45 ára en 46% meiri lestur miðað við 25-49 ára.

Viðskiptafréttir...

...alla daga

ISUZU
D-MAX

ISUZU MEÐ BREYTINGU OG PALLHÚSI Á FRÁBÆRU VERÐI*

ISUZU D-MAX

3.190.000 kr. beinskiptur

Nýr Isuzu D-Max er einn hagstæðasti og best útbúni farkostur sem völ er á. Ný aflmikil 3.0 lítra dísilvél með 3000 kg dráttargetu, aksturstölva, ABS-hemlakerfi, þokuljós, hraðastillir, útvarp og geislaspilari með 6 hátölurum, loftkæling og margt fleira. Nú fæst Isuzu D-Max með pallhúsi á frábæru verði.



* Bíllinn á myndinni er með 32" breytingu, gangbretti og pallhúsi ákomið í lit. Kostar aðeins 3.390.000 beinskiptur



GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar



INGVAR HELGASON

Þýskir bankar of litlir

Sameining þýskra banka er álitlegur kostur sem getur gefist vel. Þetta segir Klaus-Peter Müller, framkvæmdastjóri samtaka banka og fjármálafyrirtækja í Þýskalandi.

Orðrómur hefur verið á kreiki upp á síðkastið að sameiningar fjármálafyrirtækja megi vænta þar í landi og annars staðar. Slíkt geti verið hagkvæmt í þeirri hríð sem verið hafi á fjármálamörkuðum frá því í fyrrasumar.

Bankarnir sem um ræðir eru Commerzbank, sem FL Group

átti stóran hlut í í fyrra, Postbank og Allianz Dresdner Bank.

Müller, sem jafnframt er forstjóri Commerzbank, sagði í samtali við fréttastofu Reuters í byrjun vikunnar að þýsku bankarnir væru of litlir nú og hag þeirra væri betur borgið ynnu þeir saman undir einum hatti. Saman yrðu þeir þó ekki nema miðlungsbanki við hlið evrópskra risabanka. „Þýskir bankar eru allt of litlir,“ sagði hann. - jab

FORSTJÓRI COMMERZBANK

Hag þýskra banka er betur komið sameinist þeir undir einum hatti, að sögn framkvæmdastjóra þýska banka og fjármálafyrirtækja.



Sannspár fjármálaspekúlant

Bandaríski fjármálaspekúlantinn Jim Cramer hafði oftart rétt fyrir sér en rangt um gengisþróun á bandarískum hlutabréfamarkaði í febrúar. Cramer er einn af kunnustu álitsgjöfum vestanhafs um fjármálamarkaðinn og einn líflegasti stjórnandinn í sjónvarpsþættinum Mad Money á sjónvarpsfréttastöðinni CNBC.

Cramer, sem birtir spá á gengi ýmissa skráðra félaga, spáði því að gengi hlutabréfa myndi hækka hjá 185 fyrirtækjum í febrúar. Á sama tíma sá hann lækun í spilunum hjá 86 fyrirtækjum.



Í samantekt bandaríska vefritsins Seeking Alpha um skarpskyggni Cramers kemur í ljós að spá hans um hækun gekk eftir í 102 skipti en í 50 skipti þegar hann spáði fyrir um lækun. Sé þetta sett hlutfallslega upp var fjármálasérfræðingurinn sannspár um hækun í 55 prósentum tilvika en sá lækun fyrir í 56 prósentum tilvika. - jab

JIM CRAMER Bandaríski álitsgjafinn Jim Cramer hafði rétt fyrir sér um hækun á bandarískum hlutabréfamarkaði í rúnum fimmtíu prósentum tilvika í febrúar, samkvæmt nýrri samantekt. MARKAÐURINN/GETTY IMAGES

Feðgum flaggað um gervalla Kaliforníu

Myndir af feðgunum Jóni Ólafssyni, stjórnarformanni vatnsútflutningsfyrirtækisins Icelandic Water Holdings, og Kristjáni Jónssyni prýða nú veflesta staði sem selja vatnsflöskur úr Ölfusinu undir merkjum Icelandic Glacial um gervallt Kaliforníuríki í Bandaríkjunum. Feðgamyndin er af forsiðu bandaríska tímaritsins Beverage World, eins stærsta tímarits í heimi um drykkjarvörugæirann, og kom út um páskana.



FEDGAR Á FORSIÐUNNI
Forsiðumynd af feðgunum Jóni Ólafssyni og Kristjáni.

Icelandic Water Holdings, sem selur nú vatnið víða um heim, hefur fengið heilmikla athygli vestanhafs upp á síðkastið.

Vatnið stendur nú gestum í skemmtigarðinum Sea-World í Bandaríkjunum til boða auk þess sem Jón mun verða einn af aðalræðumönnum á ráðstefnu á vegum bandaríska netmiðilsins BevNet, biblíu drykkjarvörugæirans, í Bandaríkjunum í sumar. - jab

Enginn er saklaus

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir nauðsynlegt að herða reglur til að koma í veg fyrir lausafjárþurrð.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Hugsanlegt tap fyrirtækja víða um heim vegna lausafjárþurrðarinnar og undirmáslánakreppunnar síðustu mánuði nemur 945 milljörðum Bandaríkjadala. Þetta jafngildir 68 þúsund milljörðum íslenskra króna. Tapið einskorðast ekki við banka og fjármálafyrirtæki heldur hafa áhrifin smitað út frá sér til annarra geira, svo sem til fasteignageirans og rekstrarfélaga. Þetta segir í nýrri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um stöðuna í kjölfar undirmáslánakreppunnar, sem á rót að rekja til áhættusamra fasteignalána í Bandaríkjunum.

Í skýrslunni segir að efnahagslífið sé brothætt þrátt fyrir að ríkisstjórnir og seðlabankar margra landa hafi tekið höndum saman til að berjast gegn áhrifum lausafjárþurrðarinnar sem hafi gert fjölmörgum fyrirtækjum erfiðara fyrir að fjármagna sig. Lánsfjáarkreppan er dýpri og alvarlegri en kreppur fyrri ára, að því er segir í skýrslunni. Þar er enn fremur farið hörðum orðum um ríkisstjórnir þeirra landa sem hvað harðast hafi orðið úti í dýfunni og lögð áhersla á að lélegt regluverk og slægt umsjón með lánaumsýslu banka og fjármálafyrirtækja eigi hlut að máli. Nauðsynlegt sé að efla eftirlitið.

Þetta er í samræmi við ummæli sem Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hefur látið hafa eftir sér, sem og aðrir ráðamenn beggja vegna Atlantsála síðustu vikur, að sögn breska ríkisútvarpsins.



DOMINIQUE STRASS-KAHN Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir að lélegt regluverk stjórnvalda víða um heim og slægt eftirlit með útlánastefnu banka og fjármálafyrirtækja eigi hlut að lánsfjárþurrðinni sem riðið hefur húsum frá því í fyrra. MARKAÐURINN/AFR

Um síðustu helgi sögðu bresku dagblöðin Sunday Times og Telegraph frá því að gengju hrakspár eftir gæti svo farið að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gæti hlaupið undir bagga með nokkrum löndum sem hefðu horft upp á mikla veikingu gjaldmiðla sinna. Bankinn hefur þegar lagt grunninn að slíkum aðgerðum, svo sem með tilkynningu um að hann ætli að selja úr gullforða sínum fyrir sex milljarða Bandaríkjadala. Gangi það eftir fær sjóðurinn jafnvirði 400 milljarða íslenskra króna inn á reikninginn. Þetta er hins vegar einungis lítið brot af gullforða sjóðsins en verðmæti hans nam 95,2 milljörðum dala í enda febrúar.

Álrisinn undir spám

Hagnaður bandaríska álrisans Alcoa, þriðja stærsta álframleiðanda í heimi sem meðal annars rekur álverið í Reyðarfirði, nam 303 milljónum Bandaríkjadala á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta jafngildir 21,8 milljörðum íslenskra króna, sem er rétt rúmlega helmingi verri afkoma en á sama tíma í fyrra.

Tekjurnar á tímabilinu námu 7,4 milljörðum dala, sem er hálfum milljarði minna en fyrir ári.

Hagnaður á hlut nam 37 sentum samanborið við 75 sent í fyrra.

Nokkur vonbrigði voru með afkomuna enda niðurstaðan sextán prósentum undir spám.

Verri afkoma nú en í fyrra skýrist að mestu af tekjuskerðingu félagsins vegna hás raforku- og hrávöruverðs samhliða veikingu Bandaríkjadals. Bloomberg-fréttaveitan hefur eftir greinendum að líklega verði seinni hluti ársins betri í bókum Alcoa. Álverð sé hátt auk þess sem framleiðsla í álverum fyrirtækisins í Ástralíu og Reyðarfirði verði komin á fullt skrið. - jab



ÞJÓNUSTA SEM SPARAR FYRIRTÆKJUM TÍMA OG PENINGA

ER PITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

HLUNNINDI SEM FYRIRTÆKJASAMNINGUR VEITIR:


- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn - alla daga ársins
- Afsláttur sem býðst á fargjöldum til áfangastaða Icelandair
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum

+ Skráðu fyrirtækið þitt núna á www.icelandair.is



ISLENSKASÍÐIS ICE 11311 04/08

WWW.ICELANDAIR.IS



Meiri tími ...

Fjarfundalausnir Nýherja veita þér aukinn tíma

Með fjarfundalausnum Nýherja spara fyrirtæki drjúgan tíma og geta dregið verulega úr ferðakostnaði jafnframt því sem skilvirkni eykst og minni tími fer í ákvarðanatöku. Fjarfundalausnir greiða auk þess fyrir nánnum samskiptum og árangursríkri samvinnu. Með fjarfundalausnum Nýherja verða samskipti við samstarfsaðila, birgja og viðskiptavinum markvissari og hagkvæmari en nokkru sinni fyrr.

„LSH og Nýherji hafa starfað náið saman að uppbyggingu fjarfundalausna spítalans í fjölda ára. Núverandi fjarfundalausn hefur tryggt starfsmönnum LSH og heilsugæslustöðva á landsbyggðinni auðveldan og hagkvæman aðgang að fyrirlestrum og námskeiðum í heilbrigðisfræðum með rauntímaaðgangi.“

Porgeir Pálsson, sviðsstjóri Heilbrigðistæknisviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan hugbúnað, tölvu- og skrifstofubúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Hjá Nýherjasamtæðunni eru 740 starfsmenn sem starfa hjá yfir 20 fyrirtækjum samtæðunnar í fjórum löndum.

Vaxtamunurinn dregur úr áhættunni

Hver sem borgar af lánunum í erlendri mynt finnur rækilega fyrir veikingu krónunnar um þessar mundir með hækkandi afborgunum. Fólk kann að spyrja sig hvort það væri betur sett með hefðbundið verðtryggt lán í íslenskum krónum. Óli Kristján Ármannsson kynnti sér úttekt sem fjárfestingarbankinn Aska Capital gerði á lántökum í erlendri mynt og ræddi við **Valdimar Þorkelsson**, sérfræðing bankans, á áhættu- og fjármögnunarráðgjafarsviði. Í úttektinni kemur fram að á síðustu tuttugu árum hafi einungis verið eitt þriggja ára tímabil þar sem hagstæðara hafi verið að vera með verðtryggt lán í krónum. Erlendu lánin virðast augljóslega hagkvæmari kostur, að því tilskildu að lántakandinn ráði við sveiflur í afborgunum á þeim tímum þegar gengisþróun er honum óhagstæð.

Lántökur í erlendri mynt hafa aukist til muna síðustu ár, jafnt hjá fyrirtækjum sem einstaklingum. Við veikingu krónunnar síðustu vikur og mánuði hafa þeir sem skulda í erlendri mynt fundið á eigin skinni hvernig afborganir af lánunum hafa rokið upp.

Í nýrri úttekt áhættu- og fjármögnunarráðgjafarsviðs fjárfestingarbankans Aska Capital sem nefnist „Lántökur í erlendri mynt: Gengisáhrættta á svefntruflana“ er á það bent að raunvextir hér á landi nálga nú hæstu hæðir og geri það innlendar lántökur lítt fýsilegar. „Á móti hefur ítrekað verið bent á að erlendri lántöku fylgi dulinn kostnaður vegna gengisáhrættu,“ segir í úttektinni og varpað fram þeirri spurningu hvort það sé áhættunnar virði að taka erlent lán og um leið hvort hægt sé að draga úr áhættunni með „betri“ samsetningu mynta, eða með skuldastýringu.

ERLEND LÁN HAFNA VERIÐ HAGKVÆMARI

Samkvæmt athugun Aska Capital liggur svarið fyrir. „Ef horft er yfir farinn veg má finna skýr fjármálaeg rök fyrir því að hagstæðara sé að taka erlent lán en verðtryggt lán í íslenskri krónum,“ segir í úttektinni og vísar til samanburðar á þriggja ára greiðslubyrði á íslensku verðtryggtu láni annars vegar og hins vegar erlendu láni frá 1986 til 2007. (Sjá súlurit hér að neðan.)

Úttekt bankans miðar einna helst við fyrirtæki og því er lántökufjárhæðin sem notuð er í útreikninginn vegleg, 100 milljónir króna, en um leið þægilegra að reikna út frá henni. „Niðurstaðan er athyglisverð. Síðastliðin tuttugu ár er aðeins eitt þriggja ára tímabil þar sem reyndist hagstæðara að taka lán í íslenskum verðtryggtum krónum. Þetta þýðir að samanlagður vaxtakostnaður og sveiflur í gengi erlenda lánsins ná ekki upp í vexti og verðbætur á íslenska láninu.“ Munurinn er að hluta til skýrður með því að gengissveiflur til veikingar á krónum skili sér oft tiltölulega hratt út í verðlag og hækki þar með verðtryggtu krónulánum. „Þá skila leiðréttingar til styrkingar krónu sér hratt til lækkunar á höfuðstól og vaxtagreiðslu erlends láns, en mun hægur út í verðlagið,“ segir í úttekt Aska. Þá er á það bent að niðurstaðan sé sú sama þótt lánið hefði verið tekið í einni erlendri mynt, hvort sem það væri Bandaríkjadalur, breskt pund, japanskt jen eða evra. Hagstæðari væri svipað á þessu tuttugu ára tímabili, segir í úttekt bankans, jafnvel þótt gengissveiflurnar yrðu mun meiri.

Erlendum lánunum fylgja ávallt sveiflur í gengi og af þeim sökum getur greiðslubyrði þeirra aukist hratt á skómmum tíma. Þeir sem taka slík lán þurfa því að hafa borð fyrir báru til að þola slíkar sveiflur.

„Í þessu sambandi er vert er að velja fyrir sér hvort gengissveiflur geti orðið svo miklar og snarpar að þær valdi greiðsluferfiðleikum og eyði ábata vegna lægri vaxta,“ segir í úttekt Aska.

SOFIÐ RÓTT ÞRÁTT FYRIR ÁHÆTTU

Fram kemur að með því að endurskoða reglulega samsetningu þeirra mynta sem notaðar eru í erlendu lántökum megi ná fram miklu hagræði fyrir lántakandann.

„Óft telja lántakandur að beinast liggja við að velja mynt sem ber lága vexti, til dæmis japanska jenið. Þá verður á móti að hafa í huga að gengi myntar fylgja meiri sveiflur og óvissa,“ segir í úttektinni og bent á að myntkörfulán sé góð leið til að draga úr gengissveiflum. „Þar er markmiðið að velja saman myntir sem saman mynda stöðugan grunn og bera jafnframt lága vexti. Hluti af lausninni er virk skuldastýring sem felst í því að velja saman myntir með lágum vöxtum sem sveiflast ekki í takti.“

Sérfræðingur Aska Capital segja að huga þurfi að áhættuþoli og -smekk þeirra sem ætla að taka erlent lán. „Hér er um svipað ferli að ræða þegar fjárfestir metur fjárfestingarkosti. Í þessu samhengi merkir áhættuþol fjárhagslega getu til að þola gengissveiflur, en áhættusmekkur er huglægt mat um áhættu. Áhættufælið bæjarfélag vill til dæmis fórnarlitilræði í vöxtum fyrir minni gengissveiflur. Næmni myntkörfunnar gagnvart gengisbreytingum er síðan reiknuð út og valin karfa sem gefur lægst vextina miðað við það áhættustig sem lántakandinn hefur valið.“

Bent er á að reynsla síðustu tveggja áratuga hafi sýnt fram á að með greiningu og stöðugri eftirfylgni hafi verið hægt að þróa aðferðafræði til að skipta kerfisbundið á milli mynta og njóta þannig góðs af þróun gengis og vaxta. „Dæmi um leið að þessu marki eru tvær ólíkar en stöðugar myntkörfur sem sveiflast ekki í takti. Með virkri stýringu er síðan hægt að velja þá körfu sem er að þróast í hagstæða átt hverju sinni, þannig að samantölð áhrif á ákveðnu tímabili skila lækkun

skuldahöfuðstóls og vaxtakostnaðar.“ Í úttekt Aska kemur þannig fram að þrátt fyrir miklar gengissveiflur einstakra mynta undanfarið hafi reynst mögulegt að ná fram lækkun fjármögnunarkostnaðar með erlendum lántökum. „Órói á gjalddeyris- mörkuðum undanfarið sýnir hins vegar að ekkert er gefið í þessum efnun. Skilvirk aðferðafræði og reglubundið endurmat á myntsamsetningu lánasafns gerir mögulegt að stýra því þannig að markmið um vaxtagjöld og gengisflökt séu innan þeirra marka sem voru skilgreind í upphafi og þá er hægt að sofa rótt þrátt fyrir gengisáhrættu.“

Valdimar Þorkelsson, sérfræðingur á áhættu- og fjármögnunarráðgjafarsviði Aska Capital, segir hins vegar ekki svo að stöðugt sé verið að hræra í samsetningu erlendu lánanna. „Flestir okkar viðskiptamenn eru með myntbreytingar- ákvæði í lána- samningum og við nýtum þau til að breyta samsetningu körfunnar eftir mati á þróun og horfum hverju sinni. Þarna

erum við að tala um kannski þrjár til fjórar hreyfingar á ári, þar sem samsetningunni er velt eftir því sem leitni undirliggjandi mynta breytist. Núna á fyrsta ársfjórðungi höfum við til dæmis séð vaxtalækkun í dollara, sem er hreinlega orðinn lág- vaxtamýnt og kominn niður fyrir svissneska frankann, auk þess sem hann hefur verið að veikjast. Því hefur verið mjög hagstætt að skulda í Bandaríkjadal síðustu vikur og mánuði. Fólk hefur bæði verið að fá lægri og lækkandi vexti og verið að ná fram lækkun í höfuðstól skuldarinnar,“ segir hann en áréttar að þarna eigi hann við hlutfallslega lækkun, því þótt krónan hafi veikst hafi dalurinn styrkst minna en aðrar myntir.

VANDINN VIÐ FASTEIGNALÁNUM

Einhver kynni að segja að styrking krónunnar síðustu ár grafi undan niðurstöðunum í tuttugu ára samanburði Aska á hagkvæmni þess að skulda í erlendri mynt. Valdimar segir svo hins vegar ekki vera vegna þess að fyrstu tíu úttektartímabilins hafi krónan verið í veikingarfasa.

„Tvo þriðju af tímabilinu veiktist krónan, en vaxtamunurinn er það mikill að það borgar sig að vera með skuldirnar í erlendu að því tilskildu að menn ráði við gengissveiflurnar.“

Valdimar segir nægt eigið fé vera forsendu þess að fara út í erlenda lántöku. „Það sýnir öfgahreyfingin á krónum á fyrsta fjórðungi ársins, tæplega þrjátíu prósent hækkun gengisvísitölunnar. Til að veðra slíkar sveiflur verður eiginfjárlu- hlutfallið að vera gott.“ Sveiflurnar geta svo verið enn meiri í lágvaxtamýntum á borð við japanskt jen og svissneskan franka, en þær myntir hafa til að mynda verið mjög vinsælar í bílalanum hér. Þar segir Valdimar veikinguna frá áramótum fjörtíu prósent og enn meiri frá því í fyrra. „Allan þennan tíma hefur fólk hins vegar fengið vaxtasparnað og greitt lægri upphæð í vexti en það hefði gert af samsvarandi upphæð í verðtryggtu íslensku láni. Svo miðast hagræðið náttúrulega við að halda áfram í gegnum sveiflurnar, hversu freistandi sem það kann að virðast að stökkva frá borði í hræðslu- kasti yfir sveiflunni sem við sjáum nú. Fólk verður að átta sig á því að munurinn á gengistryggtum lánunum og verðtryggtum er sá að hækkunin á verðtryggtu láninu gengur aldrei til baka, meðan að í gengistryggtu lánunum sér fólk flökt og sveiflur í afborgunum.“


Um leið bendir Valdimar á að mikið þurfi að ganga á til að veiking krónunnar nái að éta upp hagræðið af lægri vöxtum á erlendu lánunum. Hann segir að þótt gengisvísitala krónunnar færi upp undir 165 stig, eins og þegar verst lét í lok mars, og héldist þar, myndi bílalan til sex ára sem var tekið síðasta sumar þegar krónan var hvað sterkust, í 110 stigum, ekki koma verr út en verðtryggt lán í krónum. „Það þarf ekki mörg ár í tíu prósent vaxtasparnaði til að jafna út hreyfinguna á genginu.“ Fimm árum myndi maður vinna til baka þennan mun og flestir taka bílalan til sex eða sjö ára. Húsnæðislán eru aftur til mun lengri tíma og ættu því sveiflur í genginu að jafnast vel út yfir lánstímann. „Vandinn við húsnæðislánin er hins vegar að einstaklingar eru alla jafna ekki vel settir til að taka á sig miklar sveiflur í afborgunum. Þetta er jú stærsti útgjaldaliður mánaðarins hjá flestum fjölskyldum og fólk á ekki gott með að taka á sig þrjátíu prósent sveiflu í honum, þótt ekki væri nema til nokkurra mánaða. Frá áhættustýringar- sjónarmiði væri því ráðlegra fyrir einstaklinga að vera með húsnæðislánið í blandaðri körfu þar sem hluti væri í íslenskum krónum og hluti í erlendri mynt. En ef horft er til fyrirtækja, stofnana og stærri aðila er borðleggjandi að það borgar sig að taka þessi lán í erlendri mynt.“



VALDIMAR ÞORKELSSON Valdimar, sem er sérfræðingur áhættu- og fjármögnunarráðgjafarsviðs Aska Capital, segir lán í erlendri mynt kalla á að lántakandi eigi nægt eigið fé til að mæta gengissveiflum sem áhrif hafi á afborganir.

MARKAÐURINN/GVA

SAMANBURÐUR Á GREIÐSLUBYRÐI – ÞRIGGJA ÁRA MISMUNUR HÖFUÐSTÓLS OG VAXTA*



*Samantölð á þriggja ára greiðslubyrði 100 milljóna króna verðtryggt láns og erlends myntkörfuláns frá 1986. Myntkarfan er valin af handahófi og samsett af 25% USD, 25% GBP, 25% EUR og 25% JPY.

Heimild: Aska Capital.

BETRI YFIRSÝN MEÐ MYNDVÖRN SECURITAS

Það er okkur mikil ánægja að kynna Myndvörn Securitas

Myndvörnin samanstendur af fjórum innimyndavélum, upptökubúnaði og skjá, en einnig er hægt að bæta við búnaði s.s. útimyndavélum. Myndvörnin er einföld í notkun og gerir þér kleift að hafa góða yfirsýn og eftirlit með húsakynnum fyrirtækisins. Einfalt er að skoða upptökur og leita atburða.

Fyrirtækið greiðir engan stofnkostnað fyrir Myndvörnina, tæknimenn Securitas koma með kerfið á staðinn og setja það upp hratt og örugglega. Fyrirtækið greiðir síðan mánaðarlega leigu sem felur í sér viðhald og ábyrgð á búnaði.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma 580 7000 og fáðu frekari upplýsingar um Myndvörnina.



MYNDVÖRN



FUNDAÐ UM REKSTURINN

Porvaldur Karl Helgason biskupsritari, Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri Kirkjuráðs, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri Þjóðkirkjunnar, og Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri. Guðbrandur Þorláksson Hólabiskup fylgist með af veggnum. MARKAÐURINN/VALLI



Ekkert einhliða góðgerðastarf hjá ríkinu

Rekstur þjóðkirkjunnar kostar um fjóra milljarða króna á ári. Þetta fé er á fjárlögum. Eignir þjóðkirkjunnar nema hátt í tuttugu milljörðum króna. Ingimar Karl Helgason ræddi við kirkjunnar menn, sem segjast ekkert fá frá ríkinu. Reksturinn sé byggður á réttmætum eignum kirkjunnar og félagsgjöldum.

Við lítum ekki svo á að þetta sé framlag frá ríkinu heldur fyrst og fremst innheimtuþjónusta sem er kirkjunni vissulega mjög þýðingarmikil,“ segir Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri Kirkjuráðs, um þau sóknargjöld sem renna til þjóðkirkjunnar.

ALLT EÐA EKKERT FRÁ RÍKINU?

Árlegar tekjur kirkjunnar nema um 4,2 milljörðum króna. Samkvæmt fjárlögum þessa árs rennur af því ríflega einn og hálfur milljarður króna til almenns rekstrar þjóðkirkjunnar.

Einnig fer af því vel á áttunda hundruð milljóna króna til ýmissa sjóða kirkjunnar. Auk þess eru rétt tæpir tveir milljarðar króna í formi sóknargjalda þjóðkirkjunnar.

Skilningur kirkjunnar manna á þessum fjárframlögum úr ríkissjóði er tvíþættur. Annars vegar eru það sóknargjöldin; þau gjöld sem fólk greiðir fyrir að vera í þjóðkirkjunni; um 860 krónur mánaðarlega á hvert mannsbarn sem er eldra en sextán ára og er skráð í þjóðkirkjuna. „Það er mjög þýðingarmikið að njóta þessarar innheimtuþjónustu hjá ríkinu,“ segir

Guðmundur, sem bendir á að sama eigi við

um öll önnur skráð trúfélög í landinu. Þau njóti sams konar innheimtuþjónustu hjá ríkinu. Heildarupphæð sóknargjalda þeirra nemur 234 milljónum króna.

Féð sem fer til almenns rekstrar og það sem rennur í sjóðina er byggt á samkomulagi um jarðir þjóðkirkjunnar.

„Í kirkjujarðasamkomulaginu er fólgið að jarðir kirkjunnar voru afhentar ríkinu gegn greiðslu launa presta og starfsfólks á Biskupsstofu. Það gefur þá auga leið að helstu gjöld þar á móti eru þá laun á Biskupsstofu og launa- og embættiskostnaður prestsembættanna. Síðan eru framlög til kirkjumálasjóðs, jöfnunarsjóðs sókna og kristnisjóðs á fjárlögum einnig,“ segir Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri þjóðkirkjunnar.

„Við lítum ekki á þetta sem neitt einhliða góðgerðastarf af hálfu ríkisins,“ segir Guðmundur Þór, „og ekki sanngjarnt að líta á það þannig. Við lítum á greiðslu ríkisins til þjóðkirkjunnar á fjárlögum sem endurgjald fyrir kirkjujarðir sem voru afhentar á móti og þjónustu sem kirkjan veitir um allt land. Þetta eru sex til sjö hundruð jarðir, mismunandi verðmætar, en sumar þeirra eru ákaflega verðmætar.“

ÓVÍST HVER GRÆÐIR Á JÖRÐUNUM

„Menn reiknuðu þetta ekkert í smáatriðum, heldur var gert samkomulag sem endaði í þessu,“ segir Guðmundur Þór.

Gengið var endanlega frá samkomulaginu árið 2006.

Í því felst að ríkið tekur yfir megnið af jörðum kirkjunnar, sem hún eignaðist í aldanna rás, og greiðir á móti laun um 140 presta og prófesta vítt og breitt um land, auk þess að greiða laun starfsfólks Biskupsstofu. Þar starfa um tuttugu manns. Auk þess er

Hvað borga ég?

Sóknargjöld í þjóðkirkjunni nema um tveimur milljörðum króna á ári.

Ríflega 252 þúsund manns voru skráð í þjóðkirkjuna í lok síðasta árs, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Um áttatíu prósent landsmanna eru skráð í þjóðkirkjuna. Hver sem orðinn er sextán ára eða eldri greiðir um tíu þúsund krónur á ári í sóknargjöld. Félagsgjaldið nemur því nokkur hundruð þúsund krónum á mannsævinni.

Árlega rennur álíka mikið úr almennum sjóðum til þjóðkirkjunnar, vegna jarðasamkomulagsins. Óvíst er hver kemur betur út úr því samkomulagi, ríki eða kirkja. En sé litið svo á að féð komi úr sameiginlegum sjóðum, má kannski segja að önnur eins upphæð, um tíu þúsund á ári, fari úr hverjum vasa, sextán ára og eldri, í sjóði þjóðkirkjunnar. Samanlagt gera þetta um tuttugu þúsund krónur á ári, sem félagsmenn greiða til þjóðkirkjunnar með viðkomu í sameiginlegum sjóðum.

Þegar manneskja er orðin 76 ára, aldur sem ætla má að margir nái, má ætla að hún hafi á ævinni greitt 1,2 milljónir króna til þjóðkirkjunnar, í gegnum sameiginlega sjóði. Þá eru ótaldar þær krónur sem fólk greiðir fyrir aukaverk presta, frá vöggu til grafar.


KIRKJAN Í NOKKRUM TÖLUM

252.461	Fjöldi félaga í þjóðkirkjunni
1.484	Fjöldi þeirra sem skráðu sig úr þjóðkirkjunni í fyrra, umfram þá sem gengu í hana
60.300	Fjöldi síðna sem koma upp á Google þegar leitað er að þjóðkirkjunni
22.503	Fjöldi síðna sem koma upp á Emlu þegar spurt er um hið sama
453.249	Grunnlaun sóknarprests
6.500	Gjald fyrir hjónavígslu
800.000	Styrkur til prestþjónustu á Kanaríeyjum í krónum talið í fyrra
18	Starfsfólk Biskupsstofu sem ríkið greiðir fyrir
102	Íbúar í Breiðabólstaðarprestakalli sem skráðir eru í þjóðkirkjuna
8	Íbúar í Breiðabólstaðarprestakalli sem eru það ekki
15.074	Íbúar í Grafarvogsprestakalli sem skráðir eru í þjóðkirkjuna
3.092	Íbúar í Grafarvogsprestakalli sem eru það ekki

TEKJUSTOFNAR KIRKJUNNAR

Árlegt framlag til þjóðkirkjunnar vegna kirkjujarða	1.500.000.000
Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.986.000.000
Framlag ríkisins í kirkjumálasjóð	283.900.000
Framlag ríkisins í kristnisjóð	89.700.000
Framlag ríkisins í jöfnunarsjóð sókna	367.400.000
Samanlögð útgjöld ríkisins til þjóðkirkjunnar samkvæmt fjárlögum	4.227.000.000

ÞRÓUN SKRÁÐRA Í ÞJÓÐKIRKJUNA



A góðumjárnnum



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

sjávarútvegur

MIÐVIKUDAGUR 9. APRÍL 2008

Margrét Sverrisdóttir
segir margt í boði á Sjó-
minjasafni eftir breytingar.

BLS. 6



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík
Sími: 581 2233

Dalsbraut 1
Akureyri
Sími 461 1150

Svefn & heilsa



www.svefn.is



Báturinn hans Stefáns er nýmálaður og flottur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það er eitthvert salt í blóðinu

Sjómannslíf, sjómannslíf, draumur hins djarfa manns, raular blaðamaður léttur í lund á leið sinni suður í Hafnarfjörð að hitta hetjur hafsins sem hann telur víst að séu að landa línufiski og grásleppu í blíðunni.

Þegar komið er á kajann í Hafnarfirði getur að líta mikinn fjölda smábáta bundna við bryggju en fátt er um manninn og fiskilyktina vantar. Í ljós kemur að rok hefur hamlað róðrum þann daginn. Þó er lífsmark um borð í einum bát, Ólafi HF 200. Þar stendur maður í stafni og aðrir tveir eru að hala baujur, handfæraúllur og línu um borð. Þarna eru þeir feðgar og bátseigendur Einar Ólafsson og Ólafur Friðbert Einarsson ásamt þriðja manni sem kveðst heita Jónas en er kallaður Addi.

Einar er gamalreynndur sjómaður. Hann fer ekki dult með álit sitt á fiskveiðistjórnuninni og Hafró. „Það hefur aldrei verið jafn mikill þorskur í sjónum. Aldrei,“ segir hann með áherslu. „Það er þorskur inni á öllum fjörðum og út á ystu landgrunnsbrúnir. Það má bara ekki veiða hann. Þetta er svo arfavitlaust kerfi,“ segir hann og er mikið niðri fyrir.

„Eruð þið sem sagt ekki á þorskveiðum?“ spyr blaðamaður varfærnislega. „Nei, nú ætlum við að veiða lúðu því hún er undanþegin kvóta,“ er svarið. Lúðan er veidd á línu en handfærarúllurnar eru til að veiða ufsa í beitu að sögn Einars. Hann ætlar ekki sjálfur á sjóinn í þetta sinn. „Strákurinn er að taka við. Maður lendir í því eins og voðalega margir aðrir að eldast,“ segir hann.

Ólafur Friðbert kveðst hafa byrjað snemma að róa með föður sínum og verið talsvert bundinn línuveiðunum í gegnum krókakerfið. Lúðuveiðarnar séu samt langskemmtilegastar. „Þetta er bara eins og að

vera í laxveiði allan daginn,“ segir hann. „Já,“ segir Jónas, kallaður Addi. „Nema hér fær maður borgað í staðinn fyrir að borga fyrir laxveiðina!“ Þar sem blaðamaður hefur aldrei farið í laxveiði, hvað þá lúðuveiði, eru sjómennirnir beðnir að útskýra samlíkinguna. „Ef lúðurnar eru á grunnu vatni þegar þær bíta á geta þær verið alveg snarvitlausar. Þetta er bara bardagi,“ lýsir Ólafur Friðbert. „Við erum að fá lúður allt upp í 200 kíló. Þá þarf krana til að hífa þær um borð. Það er ekkert hægt öðru vísi. En stundum slíta þær sig lausar og þá horfir maður á eftir hundrað þúsund kallinum. Það er ekki gaman en þetta er þrælskemmtilegur veiðiskapur.“ Þeir félagar ætla út á hafið með morgni og stefna á miðin úti af Reykjanesi.

Við bryggjuna liggja tveir trébatar af gamla skólanum; Erna HF 25 og Númi KO 24. Íslandsbersi liggur utan í þeim síðarnefnda og fyrir endanum á bryggjunni er Sæbergið HF 224. Best skveraði báturinn er Egill ÍS 77. Eigandinn, Stefán Egilsson, er um borð. Hann keypti bátinn í febrúar og er að gera klárt á dragnótaveiðar við þriðja mann. „Reyndar er fæðingarorlof hjá öllum fiski núna þannig að það gerist ekkert hjá mér fyrir en 25. apríl,“ segir hann. Kveðst búinn að leigja kvóta í ýsu, þorski og kola og koma til með að landa hjá Vísi á Þingeyri.

Stefán er búinn að vera á sjó síðan árið sem hann fermdist, mest fyrir vestan, en flutti til Hafnarfjarðar



Kristmundur og Ólafur voru á bryggjurúnti. Þeir eru báðir gamlir sjómenn að vestan.



„Það er þorskur inni á öllum fjörðum og út á ystu landgrunnsbrúnir. Það má bara ekki veiða hann,“ segir hinn gamalreynði sjómaður Einar Ólafsson.

fyrir ellefu árum. „Ég var í útgerð en seldi fyrir einu og hálfu ári. Ætlaði að vita hvort ég gæti gert eitthvað annað. Finnst ég heldur ungur til að hætta að vinna en fann ekkert sem heillaði svo ég er að kaupa mig inn í þetta aftur,“ segir hann og bætir við: „Þetta er eins og með alkana. Sumir fara í meðferð og halda það út en aðrir falla. Ég er einn af þeim sem falla.“

Kristmundur Finnbogason og Ólafur Veturliði Þórðarson eru á bryggjurúnti. „Við erum nú bara flækningar hérna,“ segir Kristmundur þegar falast er eftir mynd. Við eftirgrensulan kemur í ljós að báðir eru Vestfirðingar og gamlir sjómenn. „Þess vegna koma menn á bryggjurnar. Það er eitthvert salt í blóðinu,“ segir Ólafur Veturliði og bætir við: „Nú fer að færast líf í allt hér þegar veður skánar og vorið kemur.“

-gun



Ólafur Friðbert líkir lúðuveiðunum við laxveiði. Hér halar hann línuna um borð en Jónas, kallaður Addi, gengur frá þeim þar.



„Þetta er eins og með alkana. Sumir fara í meðferð og halda það út en aðrir falla. Ég er einn af þeim sem falla,“ segir Stefán Egilsson, sem er að byrja í sjómennsku aftur eftir eins og hálfis árs hlé.



SKF



Fatigue load limit
 Designation

kN	kg	MPa	Styrking Strength	Stærð Size	Stærð Size	Stærð Size
1.43	0.67	0.028	70 000	0.006	61801	
2.25	0.98	0.043	87 000	0.011	61901	
5.4	2.36	0.10	60 000	0.015	* 6001	
5.07	2.36	0.10	56 000	0.020	16101	
7.28	3.1	0.132	50 000	0.037	* 6201	

- Kúlulegur
- Keflalegur
- Veltilegur
- Rúllulegur
- Flangslegur
- Búkkalegur

LANDVÉLAR / ABB-OK - 199.2008



LANDVÉLAR
 Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi S. 580 5800



S: 555 6006 • www.skf.is
 Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður

STRAUMRÁS
 Furuvellir - 600 Akureyri - s. 461 2288

http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is

INTERPUMP HÁPRÝSTIÞVOTTADÆLUR



- Fyrir fagmanninn og í blískúrinn
- 90 - 500 bar, 7 - 35 l/mín
- Ein fasa og þriggja fasa
- Sjóþolnar og glussadrifnar
- Bensín drifnar
- Háþrýstislöngur og fittings
- Spíssar og framlengingar
- Hvirfilspíssar (túrbó)



TX **TSX** **Blue Time**



LANDVÉLAR
 Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
 S: 580 5800

STRAUMRÁS
 Furuvellir - 600 Akureyri - s. 461 2288

http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is

MARÁS

Rafmagnsstjórn tæki í skip og báta hafa átt vaxandi vinsældum að fagna á síðustu árum. Marás er með mikla reynslu af upsetningu á slíkum búnaði frá ZF Marine í Bandaríkjunum.



Einföld eða tvöföld rakaskilja með aftöppun sem er einnig upphituð forsía. Gefur möguleika á að nota flotaolíu allt árið um kring sem lækkar kostnað við olíukaup.

SEPAR
FILTER



YANMAR
marine

YANMAR báta- og skipavélar hafa í gegn um árin verið rómaðar fyrir mikla endingu, hagkvæmni í rekstri og ekki síst hversu hjóðlátar þær eru. YANMAR er einn öflugasti vélaframleiðandi í heims í dag með vélaúrval frá 9 til 4500 hestöfl.




NorSap brúarstóla má finna víða í Íslenska flotanum enda sérstaklega hannaðir í samráði við óskir sjómanna.

NorSap



Eigum fyrirbyggjandi sterka og góða alternatora sem henta einstaklega vel sem neyslualternatorar í báta.



Góð aflbrögð og ágætar gæftir hafa farið saman á Suðurnesjunum að undanfögnu. Þessi mynd er úr safni Fréttablaðsins og sýnir Hafstein Þorgeirsson, stýrimann á Farsæli frá Grindavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Mikill fiskur á ferðinni

Frábær aflbrögð hafa verið undanfarnar vikur hjá Sandgerðisbátum að sögn Árna Sigurpálssonar hafnarvarðar. Örlítið hefur dregið úr þeim síðustu daga en einn færabátur landaði þó þremur tonnnum í gær og margir voru með 2,5 tonn.

„Þorskveiðin á línuna í mars var ævintýrleg og þorskurinn óvenju stór,“ segir Árni. „Kannski hefur hún eitthvað með það að gera að krókarnir hafa breyst. Þessi stóri þorskur datt bara af hér áður fyrr. En það er greinilega fiskur á ferðinni núna, þó haustið væri lélegt,“ segir hann og nefnir líka afbragðsveiði hjá snurvoðarbátunum nú.

Árni segir línubáta og snur-

voðarbáta uppistöðuna í bátaflota Sandgerðinga. „Svo eru fjórir litlir netabátar líka og það er búið að vera mokfiskerí hjá þeim. Þetta eru fimmtán til þrjátíu tonna bátar og hafa verið að koma inn með fimmtán til sextán tonn. Sums staðar eru bara tveir menn á. Einn var að taka upp í gær. Hann er bara hættur. Á ekki meiri kvóta.“

Á laugardaginn brestur á hrygningarstopp að sögn Árna. „Það er lokað innan við fjórar mílur eins og er, en svæðið stækkar mikið á laugardaginn.“ Spurður hvort hann haldi ekki að sterkur árgangur verði til núna fyrst svona mikið sé af stórum þorski í sjónum brosir hann bara og vill engu spá. -gun

Marás Vélar ehf.
Akralind 2
201 Kópavogur
Sími: 555 6444
Fax: 565 7230
www.maras.is

**Alhliða þjónusta
við sjávarútveginn**

LÖNDUN EHF.

Löndun ehf sér um skipaafgreiðslu í Reykjavík og Hafnarfjarðarhöfn. Fyrirtækið veitir vandaða og skjóta þjónustu. Býður einnig upp á nauðsynlegan tækjabúnað og úrval manna sem reiðubúnir eru með stuttum fyrirvara að landa úr skipum.



Löndun ehf. - Kjalarvogi 21, 104 Reykjavík - Sími 552 9844 - Fax 562 9844 - londun@londun.is

**Fyrirbyggja, lipurð
og samviskusemi
einkenna þá
þjónustu sem
við veitum**

● NÝ SKÝRSLA UM PRÓTÍN Í FISKI

Í nýrri skýrslu sem Matís vann í samstarfi við Flóridaháskóla og Háskóla Íslands má sjá niðurstöður úr verkefninu Kolmunninn sem markfæði. Rannsóknarspurning verkefnisins var að svara hvaða lífvirkni væri hægt að fá fram hjá peptíðum unnum í kolmunna með ensími, en lífvirkni er forsenda þess að unnt sé að nota kolmunna með markfæði. Í ljós kom að niðurbrotin kolmunna-prótein hafa lífvirkni. Hins vegar reyndust skynmatseiginleikar afurða ekki nógu góðir og heimtur lágur. Ástæðan var að erfiðlega gekk að afla fersks kolmunna sem hráefnis. Fékkst þó mikil þekking á sviði ensímaniðurbrots og lífsvirkni-eiginleika próteinafurða. Þekkingin kemur til með að nýttast íslenskum iðnaði og vísindamönnum við framtíðarrannsóknir. Rannís styrkti verkefnið. Sjá matis.is.





Öskjur fyrir sjófrystingu og landvinnslu



Saltfiskumbúðir í öllum stærðum



25 kg Hercules kassi
25 kg langur kassi, fyrir stóran fisk
25 kg stór kassi, fyrir flattan fisk



25 kg Wet Sam kassi
með plasthornum og millilagsspjöldum. Staflast beint ofan á hvorn annan, plasthornin sjá til þess að ekki sé pressa á fiskinum




Saltfiskhólkar

400 kg óáprentaður
500 kg óáprentaður
800 kg óáprentaður
1000 kg óáprentaður

- Lok með áprentun
- Botnar
- Hornslífar

SHS / 10624


SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR



● **HEILSUFÆÐI Í ÚRSLIT** Úrslit í Frumkvöðlakeppni Innovit 2008 fyrir íslenska háskólanemendur og ný-útskrifaða fara fram laugardaginn 12. apríl. Átta viðskiptahugmyndir komust í úrslit og munu frumkvöðlarnir kynna hugmyndir sínar og svara spurningum frammi fyrir yfirdómnefnd. Ein þeirra hugmynda sem komust í úrslit byggir á þróun og markaðssetningu markfæðis úr fiskipróteinum, sjávarþangi og mjólkurpróteinum, sem hefur jákvæða áhrif á heilsu eins og að lækka blóðþrýsting. Hráefnið, sem er íslenskt, hefur þá sérstöðu á markaði í dag að hafa ekki verið nýtt á þennan hátt innan núverandi framleiðslueininga þeirra birgja sem áætlað er að verslað verði við. Framleiðslufyrirtækið mun heita Heilsufæði ehf. Þess má geta að sigurvegararnir hljóta að launum verðlaunagripinn Gulleggið 2008 og 1,5 milljónir króna í verðlaunafé. Í yfirdómnefnd keppninnar eru fulltrúar íslensks atvinnulífs og samstarfsaðila Frumkvöðlakeppni Innovit.



Margrét Svverrisdóttir segir að pláss verði fyrir fundi og ráðstefnur á annarri hæð safnsins eftir breytingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ekta fiskur  Sérfræðingar í saltfiski

Fyrir verslanir, veitingahús, mótuneyti og stóreldhús, til suðu eða steikingar

PÖNTUNARSÍMI:

466 1016

www.ektafiskur.is

- Saltfiskbitar, blandaðar stærðir
- Saltfiskhnakkar, tvær stærðir (lomos)
- Saltfiskkurl
- Gellur
- Gollarapunnildi
- Ýsuflok og -hnakkar
- Steinbítskinnar og -bitar
- Þorskhakkar
- Rækjur

Einnig frábært úrval tilbúinna rétta frá Ekta réttum, kíkjið á vörulistana á netinu!

FRUMKVÖDLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - VIÐURKENNING FRÁ MATUR ÚR HÉRAÐI - LOCALFOOD

Opnað með glæsibrag

Sjóminjasafnið er nú lokað vegna umtalsverðra framkvæmda sem verið er að gera á húsinu. „Nýir sýningarsalir verða opnaðir á annarri hæð sem og nýtt anddyri. Safnabúð og safnakaffi verða í nýju móttökurými. Svo verður sér sýningarsalur þar sem hægt verður að halda fundi og ráðstefnur,“ segir Margrét Svverrisdóttir varborgarfulltrúi, sem situr í stjórn Sjóminjasafnsins.

„Varðskipið Óðinn mun síðan leggjast að bryggju og verða hluti af safninu,“ heldur Margrét.

„Helstu verkefni sem stefnt er að fyrir opnun safnsins er að endurhanna togarasýningar í

Langasal og lagfæra stigauppgang og pall fyrir sumarið. Þá verður bryggjusalur endanlega frágenginn með hljóðum og hughrifum, til dæmis með uppstoppuðum mávum.“ Margrét nefnir einnig til sögunnar uppsetningu sýningagripa og minja um Þorleif Þorleifsson.

„Fjórar milljónir króna fengu í allar endurbæturnar, sem er ekki mikil fjárhæð, en það á að reyna að betrubæta margt svo hægt sé að opna safnið með glæsibrag. Stefnt er að því að opna það að nýju eftir breytingarnar á Hátíð hafnsins sem verður 31. maí til 1. júní,“ segir hún.

-mmr



Heildarlausnir í lyfturum



Viðurkennd viðgerðar- og varahlutabjónusta

VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&P á Norðurlandi

Plokkfiskur



*Plokkfiskurinn minn
fæst eftir vigt í fiskbordum Nóatúns,
Fjarðarkaupa, Samkaupsverslana, Sparverslunar,
Þinnar verslunar Seljabraut (Miðbúðin) og í verslun Einars Ólafssonar*

Vörurnar okkar fást í öllum matvöruverslunum

Grímur kokkur mælir með að strá rifnum osti yfir plokkfiskinn og baka í ofni þar til osturinn er vel bráðinn. Þá er maður búinn að breyta hversdagsmat í hátíðarmat.

Bestu kveðjur, Grímur kokkur



Grímur fiskibollur



Grímur fiskibuff



Grímur plokkfiskur



Gratinuð ýsa með broccólí



Gratinuð ýsa með mexikósú



Salsafiskur í tortilla

Grímur kokkur

Sími: 481-2665 · grimurkokkur@grimurkokkur.is · www.grimurkokkur.is



ÖRUGGT MERKI Í HÖFN

HEILDARÞJÓNUSTA VIÐ SKIP

N1 býður útgerðaraðilum heildarþjónustu á sviði eldsneytis og smurefna. Þá leggjum við áherslu á rekstrarvörur fyrir sjávarútvegsfyrirtæki og fiskvinnslu. Með einu símtali getur þú pantað eldsneyti og rekstrarvörur hjá reynslumiklu fagfólki.

- Eldsneyti
- Smurolía
- Smurfeiti
- Útgerðarvörur
- Hlífðarfatnaður
- Rekstrarvörur
- Legur
- Verkfæri
- Hreinlætisvörur
- Efnavörur

greiðsla ríkisins til sjóða kirkjunnar byggð á þessu samkomulagi.

Sóknargjöldin renna til einstakra sókna, í samræmi við fjölda skráðra í hverri og einni sókn. Það gefur auga leið að þar sem sóknarbörnin eru flest fær viðkomandi sókn mestar tekjur. Á þriðja hundrad sóknir eru í landinu. Þá fara framlög úr jöfnunarsjóði sókna til einstakra sókna.

REKSTURINN Á NÚLLI

„Þjóðkirkjan er ekki rekin í hagnaðarskyni, þá ekki nema til þess að skapa andleg verðmæti,“ segir Guðmundur Þór. „Það er ekki ætlast til þess að við séum að safna fé,“ segir Sigríður Dögg og Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari bætir við: „Boðun fagnaðarerindisins, sem birtist í margs konar þjónustu, hlýtur að vera okkar kjarnastarfsemi.“

- En nú er þetta rekstur. Hvernig gengur hann?

„Ef við lítum á rekstur Biskupsstofu árið 2007, þá myndi ég segja að við séum svona nokkurn veginn á núllinu. Það getur auðvitað komið fyrir að það verði hagnaður, en honum hefur þá verið varið til fjárfestinga eða uppgreiðslu á lánum.“

Fjármunir Biskupsstofu og sjóðanna renna annars að mestu leyti til launa-greiðslna, helgihalds, kærleiksþjónustu, fasteigna hennar og viðhalds á þeim, auk útgáfustarfsemi, svo nokkuð sé nefnt.

- Hverjar eru eignir kirkjunnar?

Guðmundur Þór segir að kirkjan eigi um níutíu fasteignir um allt land. Þar af eru 36 prestsetursjarðir með prestbústöðum og jafn margir prestbústaðir á vegum kirkjunnar á þéttbýlisstöðum víða um land.

„Við verðum að hafa í huga að sumt má tæplega kalla jarðir,“ segir Þorvaldur. Þetta séu í sumum tilvikum móar sem komnir séu í eyði.

Sigríður Dögg bendir hins vegar á að samkvæmt fasteignamati nemi fastafjármunir kirkjumálasjóðs 2,5 milljörð-

um króna, samkvæmt efnahagsreikningi. Fastafjármunir sóknanna, sem að stofni til eru kirkjur, nemi 16,5 milljörðum króna, að brunabótamati.

„Kirkjurnar ganga ekki kaupum og sölum, svo það er varla hægt að tala um markaðsvirði,“ segir Sigríður Dögg.

Hún segir skuldirnar nema um 2,7 milljörðum króna í heild, svo eigið fé þjóðkirkjunnar nemi um fimmtán milljörðum króna.

HUNDRUÐ SJÁLFBODALÍÐA DRAGA ÚR YFIRBYGGINGU

Viðmælendur Markaðarins telja að miðað við umfang starfs þjóðkirkjunnar sé varla hægt að tala um kostnaðarsama yfirbyggingu. „Miðað við þessa veltu og eiginfjárstöðu finnst mér það varla geta verið,“ segir Sigríður Dögg. Þorvaldur Karl segir ekki geta fullyrt hvað teljist eðlilegt í þessum efnum. „En einn samanburður getur verið áhugaverður. Eignirnar nema nú nokkuð mörgum milljörðum. Þeir sem bera ábyrgð á þeim eru sóknirnar. Þar eru allir kauplausir. Það starfa milli ellefu og tólf hundruð manns í sóknarnefndum, sem bera ábyrgð á þessu öllu, allt kauplaust.“

- En hvernig er greitt fyrir kirkjubyggingar? Borgar þjóðkirkjan fyrir það?

„Sóknin sjálf kostar kirkjubygginguna og byggingu safnaðarheimilis ef því er til að dreifa. Sóknin getur fengið styrki úr jöfnunarsjóði sókna,“ segir Guðmundur Þór. Áður fyrr hafi sjálfbodastarf verið algengt við kirkjubyggingar auk þess sem kirkjan hafi fengið gjafir. Enn fremur sé eitthvað um að fyrirtæki og aðrir hafi styrkt kirkjusmíði. Hann bætir því við að einnig séu dæmi um að kirkja sé reist í einkaframkvæmd. Svo sé til dæmis um nýlega kirkju í Úthlíð í Biskupstungum.

Sigríður Dögg bendir líka á að nokkrar kirkjur í landinu njóti sérstöðu og tilbyggingar þeirra hafi fengið fé á fjárlögum. Þetta séu svonefndar höfuðkirkjur, til

þeirra teljist kirkjur eins og Hallgrímskirkja og Skálholtsdómkirkja.

EFNAHAGSLEG VÖLD KIRKJUNNAR

Völd kirkjunnar hafa verið mikil hér á landi sem annars staðar í aldanna rás. Ekki einungis ægivald yfir íbúum landsins heldur einnig gríðarlegt efnahagslegt vald. Það endurspeglast meðal annars í þeim hundruðum jarða sem kirkjan byggir afkomu sína á nú. Flestar þeirra komust í eigu kirkjunnar á miðöldum. Auk þess var á elleftu öld samþykkt að leggja á svonefnda tíund, sem að miklu leyti rann til kirkjunnar.

- En hefur kirkjan efnahagslegt vald nú?

„Nei, við erum ekki á markaði með okkar eignir og arfurinn frá fortíðinni er nú í formi greiðslna frá ríkinu,“ segir Guðmundur Þór. „Við erum ekki eins og til dæmis sænska kirkjan sem hefur hluta sinna eigna á markaði.“

Þorvaldur Karl bætir við: „Þeir eiga hlutabréf og skóga. Þeir lifa bara á arðinum af sínum eignum.“ Sigríður Dögg segir að hér sé arðurinn af kirkjueignunum greiddur í gegnum ríkið. „Án þess að þetta hafi verið reiknað niður í kjölinn.“

En um tilurð eigna kirkjunnar segir Guðmundur Þór að algengt sé að menn slái því fram og alhæfi að kirkjan hafi eignast höfuðstólinn, jarðirnar, með umdeilanlegum hætti. „Sagt er að kirkjan hafi sölsað þær undir sig. Ég hef aldrei séð almennileg dæmi um hvað menn eru að tala um.“

AF MOLDU ERUM VIÐ KOMIN

Einn liður í fjármálum kirkjunnar er kirkjugarðarnir. Lítið er fjallað um þá hér. Um 800 milljónir króna renna árlega til kirkjugarða. Guðmundur Þór segir þetta almannaþjónusta. „Þjónusta kirkjugarðanna er veitt án tillits til þess í hvaða trúfélagi viðkomandi er. Það er eðlilegt að líta einnig á þennan þátt sem menningar- og heilbrigðismál, en vissulega einnig trúmál.“



FERMING Í GRAFARVOGSKIRKJU Lítið er á fermingar, skírnir, giftingar og fleira sem aukaverk prestanna. Fyrir hvert fermingarbarn renna 9.300 krónur til prestsins. MARKAÐURINN/VILHELM

Laun prestanna

Fyrir fimmtán hundruð milljóna króna framlag ríkisins, vegna jarðanna, eru greidd laun um 140 presta og próf-asta.

Grunnlaun prests eru 453 þúsund krónur á mánuði.

Laun þeirra taka svo mið af fjölda í sóknunum. Þar er stuðst við einingar. Fyrir hverja einingu eru greiddar ríflega 5.500 krónur. Séu innan við 500 manns í sókninni fær presturinn átta einingar greiddar. Það gera um 44 þúsund á mánuði. Einingunum fjölgar eftir því sem sóknarbörnin eru fleiri. Þannig er einingargreiðslan yfir 90 þúsund á mánuði í þeim sóknunum þar sem sóknarbörnin eru 3.500 eða fleiri.

Þess utan þiggja prestar greiðslur fyrir aukaverk, sem svo eru nefnd. Þetta eru skírnir, fermingar, hjónavígslur, greftranir, kistulagningar og fleira.

Sem dæmi má nefna að ferming kostar 9.300 krónur. Fjórðán ára börn sem skráð eru í þjóðkirkjuna eru nú um 4.000. Heildarreikningurinn fyrir þetta aukaverk prestanna er því um 37 milljónir króna á ári.

Skyldi pínast ævinlega í helvíti

Greiðslur ríkisins til kirkjunnar nú byggja á jörðunum sem komust í hennar eigu í aldanna rás.

„Það eru mismunandi ástæður fyrir því að jarðir komust í eigu kirkjunnar og líka mismunandi eftir tímabilum,“ segir Hjalti Hugason, prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands.

Hann bendir á að stærstu eignir kirkjunnar, biskupsstólararnir og fleiri sögufrægar jarðir, hafi komist í eigu kirkjunnar þegar á 12. öld eða jafnvel fyrr. „Eignir hafa líka verið gefnar einstökum kirkjum,“ segir Hjalti en bendir á að vafi gæti leikið á hver ætti í raun kirkjurnar, guð eða tilteknir verndardýrlingar sem þeim voru tileinkaðar í kaþólskum sið.

„Þá eru dæmi um að höfðingi hafi gefið kirkjunni höfuðból sitt en farið sjálfur með ráðstöfun eignanna. Þannig má segja að menn hafi komist undan því að greiða tíundina, en kannski var tilgangurinn líka að efla kirkjuna eða jafnvel koma í veg fyrir að eignir skiptust til mismunandi erfingja, enda þótt jörð hafi verið á forræði sömu fjölskyldunnar í marga ættliði.“ Hjalti segir að einnig séu dæmi um að eignir hafi verið færðar kirkjunni í þakarskyni fyrir bænehyslu. Þá sé algengt að fólk hafi viljað minnast kirkjunnar í erfðaskrá. „Þá hafði kirkjan dómsvald hér áður fyrr og dæmi eru um að henni hafi verið dæmdar jarðir.“

Þjóðkirkjan vísar til þess á heimasíðu sinni í starfsreglum um kirkjur og safnaðarheimili, frá árinu 2000, að verði ágreiningur um fornar eignir og réttindi kirkna skuli leggja ýmsar gamlar skrár til grundvallar dómsmálum. Þeirra á meðal eru

máldagabækur frá 14. og 15. öld, auk síðari heimilda.

Þá ríkti töluvert annar skilningur á heiminum en nú tíðkast. Til dæmis hræddust menn guð og helvítisvist, eða óhjákvæmilega dvöl í hreinsunareldi, að lífinu loknu.

Í skrá um aflát og syndaaflausnir frá því um 1500 er meðal annars þessi kafli:

„Nær sem nokkur maður hefur iðran og viðurkomning fyrir sínar syndir og gengur til skriptu með þeirri hugsan og fullkomnum vilja að falla eigi aftur í dauðlegar syndir sjálfviljandi heldur betra sitt umliðið líf, þá fær sá maður aflátið ef hann sækir þá staði sem aflátið er til gefið. Þó að hann skyldi pínast ævinlega í helvíti þá vill guð gefa sína náð til og snúa þeirri ævinlegri pínu í stundlega pínu hverja þeir fá sem rétt gjöra sín skriptamál. [...], því svo mikið styttr hans pínu sem hann sækir aflátið til og eingin er sá lifandi að kunna að greina, undirstanda eða vita hvað dygð aflátið hefur eða hversu dýrt og gott er það er fyrr en eftir dauðann og hann kemur í hreinsunareldinn og hann fer þaðan. Þá reynir hann hvað aflátið dugir og hvað hann hefur aflað.“

Fólk gaf enda stofnunum kirkjunnar eignir og gjafir sér til sálhjálp.

Dæmi er frá 1470 um að maður hafi gefið kirkju og klerkum ýmsar sínar eignir á banastund. „Svo og skipa ég að láta syngja sálumessu engelskum er slegnir voru í Grindavík af mínum mönnum.“

En stundum vottuðu gjafirnar

engir nema kirkjunnar þjónar:

Árið 1460 vottar prófastur að maður hafi á banabeði gefið kirkjunni í Vatnsfirði jarðirnar Hálsþús, Voga, Miðhús og hálfu Eyri þar í sókninni.

1488 votta tveir prestar að karl nokkur afleiddi kirkjuna að hálfri jörð.

Árið 1499 votta tveir prestar að Árni nokkur hafi arfleitt kirkjuna að jörð. Svo segja prestar: „Heyrðum við áður nefndan Árna Guðmundsson ekki til leggja þar um fleiri orð eður leggja nokkra þvingan upp á kirkjuna í Holti fyrir áður greinda jörð.“

Þá eru einnig dæmi um að fólk hafi greitt kirkjunni sektir.

Þá var Runólfur Höskuldsson árið 1471 dæmdur til að láta jarðirnar Skollatungu, Brattavöllu og Hornbrekku til kirkjunnar „fyrir allt það hördæmi er hann hefur í fallið með Halldóru Þórðardóttur og Þórdísi Guðmundardóttur“. Runólfur lét sér raunar ekki segjast við þetta og var síðar gripinn með þeirri fyrrnefndu þar sem hann lá „nakinn undir einum klæðum hjá henni í kirkjunni á Bakka“.

Árið 1505 tók Stefán Skálholtsbiskup jörðina í Köldukinn í Marteinstungu kirkjusókn og Kolbeinsey í Þjórsá, af Helgu Guðnadóttur, vegna misfara látins bónda hennar.

Árið 1474 setur Jón Brodda-son, prestur og officialis generalis vikaríus á Hólum, Solveigu Þorleifsdóttur út af heilagri kirkju, meðal annars fyrir að halda mann sem var úrskurðaður í bann, auk óhlýðni og þrjósku við guð, heilaga kirkju og sig.



ÚR NEÐRA Sýn fimmtándu aldar málara á helvíti. Á miðöldum gaf fólk til kirkna til þess að þakka fyrir bænehyslu og komast hjá helvítisvist. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Fimm árum síðar greiðir Solveig biskupnum tíu tigi hundraða fyrir manninn í banninu. Sama ár votta tveir prestar að hún hafi á banastund gefið biskupnum jörðina Flatatungu í Skagafirði.

Svo eru önnur dæmi, eins og þetta: „Þá dæmum vér oftnefnda jörð Vallholt óbrigðilega eign heilagrar Hólakirkju.“ Svo dæmdi biskup sjálfum sér en hann og eigandi jarðarinnar

höfðu átt í nokkrum viðskiptum.

Rétt er að taka fram að þótt Markaðurinn hafi grafið þessi dæmi upp í fornbréfasafni verður ekkert fullyrt um hvort kirkjan hafi á sínum tíma eignast þessar jarðir með óvönduðum aðferðum, á þessa eða liðinna tíma mælikvarða. Hældur hvort jarðirnar sem nefndar eru í dæmunum séu hluti af höfuðstól þjóðkirkjunnar nú.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Ný brek skýrsla bendir á að lítið ríkisvald stuðli að hagsæld.

Lágir skattar auka velferð

Björgvin Guðmundsson

Baráttan fyrir minni ríkisafskiptum er fyrst og fremst siðferðisleg baráttan. Milton Friedman, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, útskýrði þetta ágætlega í viðtali við Morgunblaðið daginn fyrir Þorláksmessu árið 2002. Hann sagði það heppilegt að frjálst þjóðfélag með fyrirferðarlítið ríkisvald væri einnig hagkvæmara. Við ættum kost á að búa í frjálsu þjóðfélagi vegna þess að framtak einstaklinganna væri hagkvæmara en ríkisstjórn.

„En það eitt réttlætir það ekki. Það sem réttlætir frjálst þjóðfélag er siðferðisleg rök sem byggjast á því að ég á engan rétt á að þvinga mínum skoðunum upp á þig. Ég get reynt að fá þig á mitt band, sannfært þig eða fengið þig til að gera eitthvað, en ég hef engan rétt á að beita þig valdi til þess,“ var skoðun Friedmans.

Stöðugt þarf að minna á þessi sannindi frjálslyndra manna því frelsið er undir stöðugum árásum. Það tapast sjaldnast allt í einu. Í því ljósi er gagnlegt að fá fram nýjar skýrslur sem styðja við þessar fullyrðingar.

Á mánudaginn kom fram ný brek skýrsla þar sem fram kom að lágir skattar og lítil ríkisumsvif eru betur til þess fallin til að styðja við velferðarþjónustu og hagvöxt. Að þessari niðurstöðu kemst Keith Marsden hjá Centre for Policy Studies, sem hefur sinnt ráðgjafarstörfum fyrir stofnanir Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankann, eftir að hafa skoðað hagtölur tuttugu ríkja.

Marsden skilgreinir þau ríki sem hafa fyrirferðarlítið ríkisvald þannig að útgjöld og tekjur stjórnvalda nema ekki meira en fjórutíu prósentum af landsframleiðslu. Niðurstaðan sýnir að þessi ríki hafa dregið úr skattlagningu á fólk og fyrirtæki. Hagvöxtur milli árunna 1999 og 2008 hefur verið umtalsvert meiri en í þeim ríkjum þar sem útgjöld og tekjur ríkisins fara yfir fjórutíu prósent af landsframleiðslu. Þá sýnir niðurstaðan að félagslegur stuðningur er betri í ríkjum með fyrirferðarlítið ríkisvald. Þar er atvinnuleysi lítið, fleiri ný störf verða til og útgjöld til almannaþjónustu vaxa hlutfallslega hraðar en í ríkjum þar sem hið opinbera er fyrirferðarmikið.

Nauðsynlegt er að hafa stjórn á úþpenslu hins opinbera. Sífellt fleiri hópar krefjast sérreglna og undanþágna í samneyslunni. Og ekki vantar kröfur um þjónustu sem ríkið á að veita á kostnað einhverra annarra.

Viðskiptablaðamaðurinn Geoff Colvin segir í nýjasta hefti Fortune að sífellt stærri hópur Bandaríkjamanna fái meira frá hinu opinbera en hann greiðir til þess í formi tekjuskatts. Þeir sem eru í hópi fjórutíu prósent tekjulægstu í Bandaríkjunum fá meira frá hinu opinbera en þeir greiða. Þau tíu prósent Bandaríkjamanna sem eru tekjuhæst greiða sjötíu prósent af öllum tekjuskatti hins opinbera. Þar af greiðir eitt prósent tekjuhæstu fjórutíu prósent af öllum tekjuskatti í Bandaríkjunum. Og svo er alltaf verið að tala um eitthvert þýlindi við hina tekjuhá þegar skattar eru almennt lækkaðir.

Ragnar Árnason hagfræðiprófessor sagði í viðtali við Markaðinn í mars að umsvif hins opinbera, sem nú sigu í fimmtíu prósent af landsframleiðslu, væru allt of mikil frá sjónarmiði velsældar og hagkvæmni. Hann benti á að skattheimta og umsvif hins opinbera væru nánast sami hluturinn. Hið opinbera eyddi því sem það aflaði og gæti ekki til langframa eytt umtalsvert meira. Til að minnka umsvif hins opinbera væri því nauðsynlegt að minnka skattheimtu, ekki aðeins lækka skatthlutföll.

Þessi skoðun er ekki einhver sérviska nokkurra einstaklinga heldur er að finna margar staðreyndir sem styðja hana. Skýrsla Keiths Marsden er bara enn ein staðfestingin á því að lágir skattar og aukin velferð halda til hendir. Nýlega gaf RSE, Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál, út bók sem fjallaði um þetta efni með sama hætti.

Það er skrítið að á Alþingi er erfitt að finna talsmenn þessara hugmynda. Vopnabúrið í hugmyndabaráttunni er yfirhlaðið. Það er nauðsynlegt að einhver stígi fram á völinn og berjist fyrir frjálsara þjóðfélagi.

bjorgvin@markadurinn.is | bjorningi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | oliv@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Rekstrarverkfræðistofan
Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

Fjárhagsleg
heilisa

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

NET12

Notaðu vextina strax

- // Hleyptu vexti í reksturinn
- // Fáðu háa ávöxtun
- // Reiknaðu dæmið til enda

Þú færð vaxtavexti af þeim vöxtum sem ekki eru greiddir jafnóðum út.

BYR
SPARISJÓÐUR

Sími 575 4000 | www.byir.is

NET12 er rakin leið fyrir þau fyrirtæki og félög sem vilja fara í alvöru vaxtarækt með Byr.

Einleikur á glansmynd?

ORÐ Í BELG

Hafliði
Helgason
blaðamaður
og ráðgjafi.



SNÚA PARF VÖRN Í SÓKN

Afleiðingin er vitaruna vaxandi vantrúar á efnahagslífið og getu þess til að koma bönkum í krísu til bjargar og síðan að bjargarlausir bankar steypi efnahagskerfinu. Í kringum þetta hefur verið reynt að mála sterkum litum óráðsíðu banka og fjárfesta til að draga enn úr trúverðuleika alls sem íslenskt er.

Þetta hafa svo spákaupmenn nýtt sér til að veikja enn frekar stoðirnar með því að skortselja íslensk hlutabréf, gjaldmiðilinn og skuldatryggingarálog bankanna en markaður með þau er grunnstær þessara markaða og auðveldast að spila með. Veikingin er svo notuð til að segja; Sko, sjáið hvað þetta er allt veikt!! Þannig vonast menn til að ná fram niðurspíral og panikk sem getur gefið vel af sér.

Þetta hefur gengið ljómandi vel og við erum sjálf farin að trú á því að mikið sé að. Líklega eru fáar virkilega góðar fréttir fram undan og eins víst að á næstunni megi búast við neikvæðum tíðindum af lánshæfismati ríkis og banka. Hins vegar er að vænta að afkoma bankanna á fyrsta fjórðungi verði þokkaleg miðað við árferðið og þeir njóti veikingar krónunnar þvert á hugmyndir margra erlendis. Við getum þó enn hrundi og snúumst við ekki til varnar aukum við verulega líkurnar á því að við verðum eins og hrungjörn lauf í haustskógi blási kaldir vindar á ný á mörkuðum heimsins

Verkefnið er þó fjarri því óyfirtíganlegt, en við þurfum að vinna skipulegar en við höfum



Á BÍLASÖLUNNI Greinarhöfundur segir ekki þurfa að undra þótt erlendir greindur, blaðamaður og fleiri furði sig á aðstæðum hér í pinulítlu landi þar sem viðskiptahallinn endurspeglar meðal annars í bílafloata sem vart eigi sér sinn líka utan Beverly Hills. MARKAÐURINN/ANTON

gert hingað til og umfram allt saman. Bankar, Seðlabanki, ríkisstjórn, Fjármálaeftirlitið og samtök viðskiptalífsins hafa öll lagt hönd á plóg að undanfögnu. Það sem enn vantar til að snúa vörn í sókn er samstilling þar sem skipulega er farið yfir hættur og þær greindar, ásamt því að móta viðbrögð með þeim hætti að fátt geti komið okkur á óvart.

TIL ERU ÁGÆT VOPN

Að þessu þurfa að koma allir framantaldir auk lífeyrissjóðanna og þegar við höfum gert nauðsynlegar umbætur og tekið á því sem réttmætt er í gagnrýni á okkur. Þá, og ekki fyrr, er hægt að hefja einhvers konar ímyndarbaráttu um leið og afli væri beitt til að takast á við þá sem hugsanlega sækja að okkur með skipulegri spákaupmennsku.

Við teljum að búið sé að hrinda fyrsta áhlaupinu á krónu og innlend hlutabréf. Gleymum því ekki að stærri kerfi en okkar hafa ekki staðist ásókn spákaupmanna. Soros nýtti sér veikleika pundsins og felldi það. Sænska krónan stóðst fyrstu ásókn á sig með þriggja tölustafa stýrivöxtum, en var felld í seinna áhlaupi án þess að sænski seðlabankinn fengi rönd við reist.

Við höfum margt að selja. Bankarnir eru með ólíkar áherslur og því ekki með sömu áhættu. Til að mynda er Glitnir í geirum sem ekki hafa lækkað mikið eins og matvælagæirinn og þjónusta við olíuönd, auk þess sem Norvegur sem er annar heimamarkaður bankans nýtur olíuhækkunar. Kaupping er með dreifða starfsemi og hefur bætt stöðu sína umtalsvert, sérstaklega með því að losna undan kaupum á NIBC-bankanum í Hollandi. Innlán Landsbankans í Bretlandi reyndust snilldarleikur, enda þótt bankinn þurfi fyrir vikið að gæta sérstaklega að orðsporinu til að verja slík innlán. Afkoman á fyrsta ársfjórðungi mun vonandi gefa tilefni til að áreitta að ef dómadagsspámenn um glæfralega íslenska banka hefðu rétt fyrir sér ætti í raun allt að vera löngu komið í kaldakol.

Ísland hefur svo ágæta möguleika til að tefla fram orkuauðlindum, lífeyriskerfi, skilvirkum vinnuarkaði, lágum sköttum, ungrri þjóð og markaðsvæðingunni síðustu ára.

Við eigum því mörg ágæt vopn í ímyndarvopnabúrinu. Þau þarf hins vegar að brýna fyrst með talsverðri sjálfsgagnrýni, skipulagi og hreinskilnislegri tiltekt. Annað yrði innantómur einleikur á glansmynd.

ORÐSKÝRINGIN

Peningamarkaðssjóður

Peningamarkaðssjóður er ákveðin tegund verðbréfasjóðs þar sem eingöngu er að finna skammtímaverðbréf. „Verðbil slíks sjóðs er lítið og oft enginn munur á kaup- eða sölugengi,“ segir í fjármálaorðasafni MP fjárfestingarbanka, en á ensku eru slíkir sjóðir nefndir „Money Market Fund“ og eru sagðir henta þeim sem ávaxta vilji fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Vextir hér eru háir og umsýslu- og afgreiðslugjöld tiltölulega lág á þessum sjóðum þannig að í óvissuástandi á mörkuðum hafa vinsældir þessarar ávöxtunarleiðar aukist mjög. Ávöxtunin hefur enda jafnvel verið betri en í hlutabréfa- og vísitölusjóðum. Einstaklingar jafnt sem fyrirtæki nýta sér þessa sjóði til skamms tíma, jafnvel þannig að aðeins sé tjaldað til einnar nætur. Sjóðir sem þessir eru að hluta sagðir hafa tekið við af veltu- og innlánsreikningum, svo sem bankabókum og tékkareikningum, sem alla jafna beri lægri vexti.



ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalstein Bergsveinsson, Óli Kristján Ármannsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSími: 512 5000 Símbref: 512 5301 Netföng: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

SAGAN Á BAK VIÐ ... SIGURÐ G. GUÐJÓNSSON, HÆSTARÉTTARLÖGMANN

Tilbúinn að taka alla slagi

Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður hefur gagnrýnt Seðlabankann harðlega á opinberum vettvangi að undanfögnu. Hann segir bankann ekki hafa lýst því yfir að hann geti bjargað íslensku bönkunum ef illa fari. Seðlabankinn búi einfaldlega ekki yfir nægum gjaldeyrisforða til þess.

Sigurður hefur komið víða við í íslensku samfélagi. Hann fæddist á Pingeyri við Dýrafjörð árið 1951 og fagnar því 57 ára afmæli 8. nóvember í haust. Hann út-

skrifaðist með stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri á þjóðhátíðardaginn 1973 og hafði hann í sig og á með kennslu um tveggja ára skeið snemma á átunda áratug síðustu aldar. Leið hans lá inn í Háskóla Íslands og þaðan lauk hann lögræðiþrófi og réttindum árið 1982. Hann starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu samhliða því að leggja stund á framhaldsnám við Harvard Law School í Cambridge en setti eigin stofu á laggirnar á því herrans ári 1985. Upp úr

því gegndi hann stjórnarstörfum fyrir ýmsa aðila.

Sigurður snerti á fjölmiðla-rekstri þegar Íslenska útvarpsfélagið leitaði til hans vegna sameiningar við Hljóðvarp ehf. í kringum 1989. Átti hann eftir að tengjast ÍÚ enn frekari böndum eftir því sem á leið, keypti meðal annars um svipað leyti hlut í Stöð 2 í félagi við Jón Ólafsson, löngum kenndan við Skífuna, og settist í forstjórastjól fjölmiðla- og afþreyingasamsteypu Norður-ljósa, sem innihélt meðal ann-



ars Stöð 2, í miklum ólgusjó um aldamótin síðustu. Þá var hann einn af stofnendum Bláðsins, nú

24 stunda, svo fátt eitt sé nefnt, sem Sigurður G. hefur tekið sér fyrir hendur.

SPÁKAUPMAÐURINN

Gore í Glitni

Vaknaði eldsnemma í gærmorgun til að hafa mig til fyrir morgunfund með Al Gore, fyrrverandi næsta forseta Bandaríkjanna, líkt og hann hefur margtuggið á.

Ég var svolítið þreyttur eftir langa nótt í hafarínu á Asíumarkaði. Þar eru monniarnir núna. Svo maður tali ekki um Pakistan.

Sem ég lét fara vel um mig í mjúku sætinu fyrir miðjum sal í Háskólabíói, umkringdur mektarfólki úr íslensku atvinnu- og fjármálalífi, horfði ég á ekki-forsetann ræða um ofhitnun jarðkringlunnar, bráðnandi ísa, vatn og... svo sigu augnlökin eilítið enda hafði ég séð myndina. Gott ef mig dreymdi ekki í nokkrar mínútur um ísklaka á reki í viskíglasi, rótsterku skosku og ljúffengu.

Ég kyngdi en hrökk upp við mikið myndasjón með línuriti sem sýndi snarpa hlýnun jarðar síðustu áratugi. Mér datt aðeins í hug Úrvalsvísitalan. Nú yrði að koma henni niður með valdi, þrýsta henni niður í ... með samhentum handafla. Hlýnuninni en ekki vísitölunni. Enda má hún ekki við því mikið lengur.

Nei, það er hlýnunin. Þetta má bara ekki ganga svona lengur. Íslendingar – já og jarðarbúar allir – verða að taka höndum saman og fjárfesta í endurnýjanlegum orkugjöfum, sólarrafhlöðum, vetni og öllu því sem talist getur verið náttúrulegt.

Frábær náttúrupeningamaskína, var sirka það eina sem mér datt í hug þar sem ég lét fara vel um mig í salnum og hugsaði til eignasafnsins í JA Solar, First Solar og öllum þeim sólarrafhlöðubatteríum sem ég hef hlaðið inn í hlutabréfabókina upp á síðkastið.

Sveimérþá ef ég er ekki fyrir löngu orðinn sjálfbær eftir snarmikla hækkun á ofhitnuninni á jarðkringlunni. Það er bara farið að hitna undir mér, hugsaði ég og brosti, gekk svo út í sólina eftir að fyrirlestri lauk, gekk inn á Hótel Sögu og klappaði fyrir sjálfum mér.

Við ekki-forsetinn gætum orðið góðir vinir.

Sjáumst í sjálfbærri sól.

Spákaupmaðurinn á horninu

GREY'S ANATOMY

SKEMMTILEGRI APRÍL MEÐ STÖÐ 2

30% AFSLÁTTUR*

STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: **SPORT** **BIÓ** **EXTRA** **EXTRA**

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

* AF FYRSTA MÁNUÐINUM EF ÁSKRIFT ER KEYPT Á STOD2.IS MIDAD VIÐ 12 MÁNADA SKULDBINDINGU. FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100 EÐA Á STOD2.IS



GESTIR Á FJÁRFESTAPINGINU Talið er að aldrei hafi fleiri gestir fylgst með þeim sprotafyrirtækjum sem kynntu starfsemi sína á fjárfestapíngi Seed Forum. MARKAÐURINN/GVA

Flogið til móts við viðskiptaengla

„Það er nauðsynlegt að brúa bilið á milli Klaks, sem styður við nýsköpunar- og sprotafyrirtæki, og fjárfestingarsjóða. Fyrirtæki sem eru að komast af klakstigi þurfa að komast í hendurnar á góðu fólki sem er tilbúið til að veita þeim fjármagn og hjálpa til við reksturinn,“ segir dr. Eggert Claessen, en

hann er í forsvari fyrir samtök viðskiptaengla, Iceland Angels, þeim fyrstu hér á landi.

Að sögn Eggerts hefur lengi verið unnið að stofnun samtakanna en það var kynnt til sögunnar í kjölfar fjárfestingaþingsins Seed Forum sem fram fór á föstudag.

Samtök sem þessi eru þekkt utan landsteinanna, sérstaklega í Bandaríkjunum og Skotlandi. Þau mynda fjársterkir einstaklingar, svokallaðir viðskiptaenglar, sem hafa áhuga á að fjárfesta í sprotu- og nýsköpunarfyrirtækjum, sem eru mislangt á veg kominn í vörubróun sinni. Fjárfestarnir setjast gjarnan í stjórn fyrirtækjanna sem þeir fjárfesta í.

Umgjörðin er að miklu leyti fengin frá LINC – viðskiptaenglaneti í Skotlandi – en David Grahame, framkvæmdastjóri þess, hélt kynningu á starfsemi þeirra á fjárfestapíngi Seed Forum á föstudag. Auk Grahames hélt Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra tölu á þinginu um stuðning ríkisins við íslensk sprotafyrirtæki.

- jab



IÐNAÐARRÁÐHERRANN Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segir nýsköpunar- og sprotafyrirtæki nauðsynleg fyrir hagvöxt á Íslandi. MARKAÐURINN/GVA

Verkfræðistofur stækka stöðugt

VGK-hönnun og Rafhönnun sameinast á föstudag og til verður stærsta verkfræðistofa landsins. Sameiningar eru fleiri. Jákvætt segir formaður Félags íslenskra verkfræðinga.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

Stefnt er að því að verkfræðistofurnar Rafhönnun og VGK-hönnun sameinist á föstudag, en hluthafafundur tekur ákvörðun um þetta á fimmtudaginn, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Ætla má að um 350 manns starfi hjá sameinuðu félagi. Verkfræðistofum hefur fækkað undanfarið og þær stækkað. Þannig var ákveðið fyrr á árinu að sameina verkfræðistofurnar VST og Rafteikningu. Þar starfa allt í allt um 240 manns. Starfsemi í sameinuðu fyrirtæki á að hefjast 23. þessa mánaðar.

Því verða um 600 manns í starfi hjá þessum tveimur stærstu verkfræðistofum landsins.

„Þetta er að mínu mati jákvætt,“ segir Jóhanna Harpa Árnadóttir, formaður Verkfræðingafélags Íslands. „Með þessu móti komast stofurnar í stærri verkefni og geta í auknum mæli tekið að sér verkefni erlendis, líkt og í orkuútrásinni.“ Jóhanna bendir þó á að ekki safnist allir verkfræðingar saman á stórar stofur. Enn séu smærri stofur í rekstri. Auk þess vekur hún athygli á því að starfssvið verkfræðinga hafi víkkað út á undanförunum árum, en nú starfa fjölmargir verkfræðingar í bankakerfinu. „Það er ef til vill einn liður í því að verkfræðistofurnar sameinast í stærri fyrirtæki, það er mikil samkeppni um að fá verkfræðinga til starfa.“ Hins vegar sé jákvætt fyrir stétt verkfræðinga að sóst sé eftir kröftum þeirra.

Nú eru starfandi þrjár verkfræðistofur með hundrað starfsmenn eða fleiri. Auk þeirra sem áður voru nefndar starfa yfir eitt hundrað manns hjá Línuhönnun. Þá starfa upp undir áttatíu manns hjá Almennu verkfræðistofunni, álfka margir hjá VSÓ og upp undir sextíu hjá Hniti. Á flestum stofum eru starfsmenn hins vegar fimm eða færri, eða á bilinu tíu til tuttugu.

Til samamburðar má nefna að hjá Orkuveitu Reykjavíkur starfa rúmlega áttatíu verk- og tæknifræðingar og innan við fimmtíu hjá Landsvirkjun.



SNORRI JÓNSSON Reiknað er með að dragi úr starfsmannaveltu á þessu ári miðað við mikinn vöxt í fyrra. MARKAÐURINN/ARNPÓR

Sérfræðistörfin dýrust

„Starfsmannavelta á síðasta ári var örugglega sú mesta til þessa, við erum að afla gagna núna,“ segir Snorri Jónsson, mannaúsráðgjafi hjá ParX. Hann reiknar með að þegar hægi á í íslensku efnahagslífi á þessu ári muni svipuðu máli gegna um starfsmannaveltuna.

ParX hefur síðastliðin fimm ár haldið utan um hagtolur mannaúsráðgjafa hjá íslenskum fyrirtækjum í mismunandi geirum.

Starfsmannavelta er mismikil eftir atvinnugreinum og árið 2006 var hún minnst í orkugeiranum á meðan hún var ríflega tuttugu prósent í verslun og þjónustu, sem jafngildir því að atvinnurekendur í þeim geira hafi þurft að endurráða í fimmta hvert stöðugildi það ár, samkvæmt rannsókn ParX.

Snorri segir þetta eiga sér eðlilegar skýringar að hluta.

Störfin þar sem starfsmannavelta sé mikil séu flest einfaldari í samamburði við sérfræðistörfin. Þá spili launin inn í að einhverju leyti. „Sveiflur eru alltaf á milli ára. En með samamburði getum við séð hvort staða einstakra fyrirtækja séu eðlileg,“ bendir Snorri á.

Hann segir kostnað vegna starfsmannaveltu geta verið háan, allt frá fimmtíu prósentum til 150 prósentu af árslaunum starfsmanns. Hæst sé kostnaðarhlutfallið þar sem krafist sé meiri sérfræðisþekkingar. En þar er starfsmannaveltan að jafnaði lág, samkvæmt niðurstöðum ParX. Snorri segir gagnaöflun fyrir hagtolur ársins 2007 standa yfir. Upplýsingar um veltu- og kostnaðartölur á íslenskum vinnumarkaði hafi ekki legið víða en ParX hafi unnið við að staðla og skrá þessar upplýsingar.

PÓSTURINN
Sími 580 1000
SP 99 878 225 8 22

HVAÐ SEM FYRIRTÆKIÐ ÞITT ÞARF AÐ SENDA

LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA

Allt útlit fyrir að atlögunni hafi verið hrundið

Tugir og jafnvel hundruð milljarða í skortstöður vogunarsjóða, jafnt í hlutabréfum sem skuldatryggingum.

Ísland og íslenskur fjármálamarkaður hefur mátt þola kerfisbundnar ársir nokkurra erlendra vogunarsjóða upp á síðkastið, þar sem miklu hefur verið kostað til að hagnast með skortstöðum í hlutabréfum og skuldatryggingum, að sögn Sigurðar Einarssonar, starfandi stjórnarformanns Kaupþings. Hann segir nú allt útlit fyrir að atlögunni hafi verið hrundið, en það hafi ekki síst tekist með því að breyta um vinnubrögð og svara allri neikvæðri umræðu með beinum rökum, hrekja strax rangfærslur um rekstur og stöðu bankans og fara beinlínis í hart við þá vogunarsjóði sem hafi ætlað sér að keyra íslenska banka í þrot með þessum hætti og hagnast sjálfir á því.

„Við ákváðum að taka þetta föstum tökum og vissum að þar dygðu engin vettlingatök,“ segir Sigurður spurður um viðbrögð Kaupþings og annarra íslenskra banka við skuldatryggingarálaginu sem

Ekkert til sölu

Álag á skuldatryggingar þarf ekki endilega að endurspegla raunveruleg kjör á markaði, að sögn Sigurðar Einarssonar. Máli sínu til stuðnings nefnir stjórnarformaður Kaupþings að fyrir skemmstu hafi verið komið 200 punkta álag á íslenska ríkið. Í kjölfarið hafi Kaupþing falið miðlurum sínum að kaupa upp öll skuldabréf sem þeir kæmst yfir á þeim kjörum, en niðurstaðan hafi orðið sú að keypt voru bréf fyrir aðeins einn milljarð króna, eða um tíu milljónir evra, á sléttum liborvöxtum. „Þetta sýnir auðvitað í hnotskurn að álagið endurspeglar engan veginn stöðuna og þá hlýtur maður að spyrja sig hverjir það séu sem láta að því liggja að álagið sé miklu hærra en raunin er,“ bætir hann við.

hækkaði mjög á síðustu vikum, en virðist nú aftur á niðurleið. „Við vissum að markaðurinn fyrir skuldatryggingar væri ógegnsær og lítt virkur, en síðan höfum við komist að því að hann endurspeglar engan veginn raunverulega stöðu einstakra aðila. Hægt er að tala upp álag með næsta einföldum hætti og kerfisbundnar aðgerðir af því tagi skýra einkum þá bágu stöðu sem endurspegladist í himinháum skuldatryggingarálagi og tilheyrandi neikvæðri fjölmiðlaumfjöllun,“ bætir hann við.

Að sögn Sigurðar hefur hann, ásamt öðrum stjórnendum Kaupþings, sett sig í samband við forsvarsmenn fjölmiðla víða um lönd síðustu daga í því skyni að skýra frá kerfisbundnum atlögunum slíkra spákaupmanna og hvernig vinnubrögðum þeir beita. „Mér sýnist að það séu einkum fjórir vogunarsjóðir sem hafa stundað þetta af miklum krafti,“ segir hann og nefnir til sögunnar Trafalgar Fund, Landsdowne Fund, Ako Capital

og Cheney Capital, sem allir eru í Lundúnum. Ljóst sé að þessir aðilar og fleiri hafi tekið skortstöðu í skuldatryggingum, en snúið sér svo að því að hafa kerfisbundið samband við erlenda fjölmiðla og greiningardeildir banka með neikvæðar spurningar og athugasemdir um íslenskt efnahagslíf og bankana. Við það hafi skuldatryggingarálag tekið að hækka og þeir náð umtalsverðum hagnaði gegnum skortstöður sínar. Samkvæmt heimildum Markaðarins er um mjög stórar upphæðir að ræða í slíkum viðskiptum, jafnvel tugi eða hundruð milljarða króna.

Sigurður bætir þó við, að margt bendi til þess að þessar tilraunir vogunarsjóðanna hafi tekist til styttri tíma, en muni ekki ganga upp til lengri tíma lítið. Nú fari álagið lækkandi og þar með ágóði skorttökuaðila, en ekki síður skipti máli að greinendur og fjölmiðlamenn séu meira á varðbergi fyrir fréttum af Íslandi en áður. „Menn láta ekki plata sig aftur og aftur,“ bætir hann við. - bih



SIGURÐUR EINARSSON

Fjármálaeftirlitið metur gögnin

„Við erum að fara yfir og meta gögn sem Fjármálaeftirlitinu hafa borist,“ segir Íris Björk Hreinsdóttir upplýsingafulltrúi.

Fjármálaeftirlitið kannar nú hvort einhverjir hafi með kerfisbundnum hætti komið af stað orðrómi til að hafa áhrif á markaðinn hér á landi og gengi krónunnar. Rætt er um „ákveðna aðila“ í þessu sambandi, en Fjármálaeftirlitið vill ekkert segja um hverjir séu til skoð-

unar, hvaða gagna hafi verið aflað né hvaðan kallað sé eftir gögnum.

Í frétt Financial Times um þessi mál frá upphafi mánaðarins eru nefndir fjórir erlendir vogunarsjóðir, í tengslum við ásakanir Kaupþings á hendur Bear Stearns-bankanum. Þeir eru DA Capital Europe, King Street, Merrill Lynch



JÓNAS FR. JÓNSSON

GSRG og Sandelmann Partners.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði í ræðu á ársfundi Seðlabankans fyrir skömmu, að til álita hlyti að koma að gera „alþjóðlega opinbera rannsókn á slíku tilræði við heilbrigð fjármálakerfi“. Þar vísaði hann til rögsherferðar á hendur breska HBOS-bankanum

og þess að á föstudag hefði tryggingaálag á ríkið hækkað um 400 punkta „sem er fráleitt, lyktar óþægilega af því að óprúttir miðlarar hafi ákveðið að gera úrslitilaun til að brjóta niður íslenska fjármálakerfið,“ sagði Davíð.

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, hefur sagt að erlendar systurstofnanir taki ekki þátt í rannsókn eftirlitsins. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur það ekki breyst. - ikh



Microsoft Dynamics AX

VIÐSKIPTAKERFIÐ VERÐUR AÐ GETA BREYST JAFNHRATT OG VIÐSKIPTAUMHVERFIÐ.

HNÖKRALOUS ÞJÓNUSTA FRÁ FYRSTA DEGI.

Microsoft Dynamics AX er öflugasta viðskiptakerfið frá Microsoft og leysir þarfir fyrirtækisins, allt frá nákvæmri úrvinnslu fjárhagsupplýsinga til skipulagningar á flókinni framleiðslu. Microsoft Dynamics AX gerir fyrirtækjum í framleiðslu, dreifingu og þjónustu kleift að bregðast við breytingum á markaði á hraðvirkan og hagkvæman hátt. Microsoft Dynamics AX lagar sig að þörfum fyrirtækisins fremur en að setja starfsemi skörður.

„Innleiðing Microsoft Dynamics AX var viðamikil verkefni fyrir okkur hjá Nóa Síriusi þar sem við vorum að nota margar sérlausnir eins og tollakerfi, vöruhúskerfi og handtölvakerfi. Fyrstu vikurnar eftir gangsetningu Dynamics AX fengum við góða aðstoð og stuðning frá starfsmönnum HugarAx. Við gátum haldið uppi hnökralausri þjónustu strax frá fyrsta degi.“

– Rúnar Ingibjartsson

HUGUR / AX

DAGUR Í LÍFI ...

Ásu Karínar Hólm Bjarnadóttir hjá Capacent

Ása Karín Hólm Bjarnadóttir, „partner“ hjá Capacent, segir frá degi í lífi sínu þegar hún söng með Stefáni Hilmarssyni úr Sálinni hans Jóns míns.

5.20 Er vöknud á undan klukkunni og fer í ræktina meðan aðrir fjölskyldumeðlimir sofa.

7.00 Vek húsbónda og börn með knúsi. Hendi mér í sturtu og set niður í tösku fyrir vinnudag sem mun enda á Flúðum. Húsbóndinn sér um koma krökkunum í skóla þar sem ég þarf að vera mætt á fund snemma.

8.15 Mætt á Grand Hótel til að kynna niðurstöður vinnufundar fyrir starfsmönnum ákveðins fyrirtækis. Þar sem ég náði að sneiða hjá mótmælum bílstjóra hef ég tíma til að gæða mér á morgunverðarhlaðborðinu áður en fólkíð mætir.

10.00 Fundi lýkur á réttum tíma eftir miklar og skemmtilegar umræður. Ég og samstarfsfélagi setjumst niður og ræðum næstu skref.

10.30 Komin á skrifstofuna og tek til gögn fyrir næsta verkefni dagsins sem er stefnumótunarfundur með einum viðskiptavini Capacent, sem haldinn er á Hótel Flúðum á eftir.

11.15 Á leiðinni austur fyrir fjall stilli ég tónlistina hátt í bílnum og nýt þess að syngja með Stefáni Hilmarssyni úr Sálinni hans Jóns míns. Gæðatími þar sem ég er ein með sjálfri mér fyrir utan nokkur símtöl. Kem við á Selfossi á nær bensínlausum bíl. Ég lendi í nokkurri röð við bensíndæluna enda tilboðsdagur á „óðýru“ bensíni. Ég læt mig hafa það og gæði mér á diet kóki og pylsu, reyndar ekki það hollasta en nauðsynlegt engu að síður í amstri dagsins.

12.30-19.00 Mætt á áfangastað. Fundurinn hafinn og fólk komið á fullt í hópinnu. Hópurinn er fullur af orku og gaman er að vinna með fólkinu. Tíminn flýgur og klukkan allt í einu orðin sjö og fólk orðið heldur líúð, og því ákveðið að láta staðar numið og vinnu frestað til næsta morguns.

19.20 Hringi heim og heyr í mínu fólk og þar er allt í góðum málum, enda húsbóndinn orðinn vanur flakkinu á mér og stýrir heimilinu af snilld.

20.30-22.30 Dýrindis kvöldverður framreiddur að hætti Hótel Flúða. Dró mig í hlé um hálfellefu en margir sátu áfram. Kíki á póstinn og fer svo í háttinn.



ÁSA KARÍN HÓLM BJARNADÓTTIR Hjá Capacent er að mörgu að hyggja og Ása Karín lætur sitt ekki eftir liggja þar sem hún hamrar á lykilorðið. MARKAÐURINN/GVA

Mikilvægt að vilja breytast

Markþjálfun er eitt af tiskuorðunum á Íslandi í dag. Sænskur ráðgjafi segir mikilvægt að fólk leggi mikið á sig.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Fólk verður að vera opið fyrir því að vilja breytast. Sé það lokað og neikvætt skilar markþjálfun litlum árangri,“ segir Mikael Söderman, ráðgjafi og markþjálfari.

Markþjálfun (e. coaching) hefur slegið í gegn hér á landi. Er nú svo komið að leitun er að þeim einstaklingi sem ekki hefur farið á eitt af þeim fjölda námskeiða sem í boði eru, sem eiga að bæta þá sem leiðtoga í víðustu merkingu orðsins – jafnt í daglegu starfi sem eigin lífi. Með þjálfuninni er leitast við að þátttakandi verði meðvitaður um eigin hegðun, láti af slæmum vana og reyni að laða fram það besta úr samstarfsfólki sínu. Atriði sem þessi skipta stórkostlegu máli, ekki síst fyrir rekstur fyrirtækja. Sé stjórnandinn góður verður samstarfsfólk hans ánægðara og afköstin eftir því meiri. „Það getur svo skilað sér í auknum tekjum hjá fyrirtækinu og þá eru allir ánægðir,“ segir Mikael og hlær.

Ýmsar upphæðir hafa verið nefndar fyrir námskeið á borð við það sem Mikael býður upp á. Við ræðum engar upphæðir en heyrst hefur að hans leið kosti um milljón á mann. En upphæðir skipta kannski minna máli en niðurstaðan, endastöðin. „Þetta kemur út á eitt: viðhorf fólks til leiðtogans og merkin sem hann sendir frá sér,“ segir hann.

Mikael segir að mikilvægt sé að þátttakendur í námskeiðum hans vilji virkilega breytast. „Ég er ekki endilega að segja að haft sé samband við mig þegar allt er komið í hnút, fyrirtækið í krísu, þótt það gerist auðvitað stundum, heldur vill það breytast, ganga inn í nýja tíma – segjum framtíðina. Fyrirtæki eru bara fólk sem vill halda áfram og þróast,“ segir hann og leggur áherslu á að breytist starfsfólk fyrirtækja ekki sé hætta á stöðnun þess, bæði í starfi sem daglegu lífi.

Þrátt fyrir tiltölulega ungan aldur, en Mikael er 35 ára, hefur hann sjálfur upplifað talsverðar breytingar, jafnt utan sem innan veggja þeirra fyrirtækja sem hann hefur starfað hjá í sænskum



MARKÞJÁLFINN Mikael Söderman segir mikilvægt að fólk sem leiti til hans vilji virkilega breytast til hins betra. Hann vill sjá þátttakendur á námskeiðum hans úrvinda þegar yfir lýkur. MARKAÐURINN/ARNÞÓR

orku- og fjarskiptageira. Hann hefur síðastliðin sjö ár ferðast um heiminn og þjálfa starfsfólk fyrirtækja af ýmsum stærðum.

Þar af hefur Mikael síðastliðin fjögur ár komið hingað til lands einu sinni í mánuði, allt upp í viku í senn, og þjálfað forstjóra, framkvæmdastjóra og millistjórnendur hjá fjölmörgum íslenskum fyrirtækjum. Það orðspor fer af honum að hann sé góð fyrirmynd, harður í horn að taka, nagli sem leggi mikið upp úr nákvæmni og stundvísi. Það ætti að vera íslenskum stjórnendum ágæt lexía enda telur Mikael Íslendinga skorta á. „Þeir eru kærulausir,“ segir hann. „En það getur þó haft kosti og galla.“ Ága segist hann þekkja ágætlega eftir

veru sína í sérsveitum sænska hersins á árum áður. Þekkingin sem hann aflaði sér þar nýtist vel í lífi og starfi, að hans sögn.

Mikael segir að gjarnan komi stjórnendur fyrirtækja að máli við hann. Þeir vilji bjóða starfsfólki sínu upp á krydd í fyrirtækjatilveruna og hafi dottið í hug að fá hann til að messa yfir mannskapnum. „Ég hristi bara höfuðið og vísa þeim annað,“ segir Mikael. „Fólk verður virkilega að langa til að koma til mín. Annars verður árangurinn enginn eða skammvinnur,“ segir hann og tæpir á því að helst vilji hann sjá þátttakendur úrvinda þegar hann hefur lokið sér af. „Það sýnir að viðkomandi lagði mikið á sig,“ segir Mikael.

FRÍSTUNDIN

Lestur, veiði og skíði

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, fer við og við til útlanda í skíðaferðir með fjölskyldunni þegar tækifæri gefast.

„Þegar maður upplifir líf sitt í gegnum mikla vinnu og lítið er um frístundir er eins og sá litli frítími sem ég hef til að slappa af og njóta lífsins verði að frístund. Hvernig sem nú best er að útskýra það,“ segir Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans.

„Þegar ég var lítill var ég mikill bókaormur og las allt milli himins og jarðar. Undanfarið, þar sem ég er yfirleitt önnur kafinn við að komast yfir allt það lesefni sem ég viða að mér um efnahagsmál, bæði tímarit og greinar, verður lítill tími til annars en að komast yfir þá bókastafla sem eru á borðinu hjá mér hverju sinni,“ nefnir Sigurjón.

„Ég las bókina hans Arnalds Indriðasonar, Harðskafa, líkt og margir Íslendingar gerðu um jólin, og hafði gaman af. Vel skrifuð spennusaga sem jafnast

á við góða bíómynd. Ég les einstöku sinnum ævisögur stjórnmálamanna. Síðast var það ævisaga Guðna Ágústssonar, Guðni – af lífi og sál, sem Sigmundur Ernir Rúnarsson skráði. Áhugavert var að lesa um uppruna og bakgrunn Guðna og fá sýn á hans sjónarhorn af atburðum sem eru nálægt manni í tíma. Lýsingar Guðna á uppvaxtarárum föður hans eru ótrúlegar,“ segir hann.

Sigurjón og fjölskylda reyna við og við að fara í skíðaferðir og þá er aðallega farið til Frakklands og Ítalíu þegar tækifæri gefast. Síðustu ár hefur lítið verið hægt að skíða hér á landi enda lítill snjór í fjöllum. Yfir sumartímann segir hann að veiðin sé helst það áhugamál sem hann reyni að sinna. Uppáhaldsstaðurinn á landinu er Selá í Vopnafirði. Þangað fari hann yfirleitt á hverju



SIGURJÓN Þ. ÁRNASON Sigurjón, sem er bankastjóri Landsbanka Íslands, segir ekki mikinn tíma aflögu til frístundaíðkunar. Hann reynir þó að komast í lestur góðra bóka og á sumrin laumast hann í veiði. MARKAÐURINN/ANTON

sumri. „Selá er einstök einkum fyrir þrennt,“ nefnir Sigurjón. „Í fyrsta lagi er áin afskekkt og langt frá Reykjavík, í öðru lagi er ekki mikið símasamband á þessum slóðum og í

þriðja og síðasta lagi fiskar vel í ánni,“ segir Sigurjón sem þekkir vel sína uppáhaldsá og bætir við að það orði fari af ám á Norð-Austurlandi að afli þar sé sérlega vænn.

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“


 **SPORT**



Í KVÖLD KL. 18:30

MAN. UTD. ROMA

MEISTARADEILDIN – 8 LIÐA ÚRSLIT



Í KVÖLD KL. 18:30

MAN. UTD. – ROMA



Í KVÖLD KL. 18:30

BARCELONA – SCHALKE



Í KVÖLD KL. 20:40

MEISTARAMÖRK



– Allt það helsta úr leikjum kvöldsins

BANKAHÓLFID

Miklar væntingar

Óhætt er að segja að aðgerða stjórnvalda og Seðlabankans til stuðnings íslensku fjármálakerfi sé beðið með mikilli eftirvæntingu. Seðlabankinn kynnr vaxtaákvörðun á morgun og gefur um leið út Peningamál. Ríkisstjórnin hefur enn ekki gefið neitt upp um aðgerðir sínar, en einstakir ráðherrar hafa þó gefið sterklega í skyn að aukin verði verulega við gjaldeyrisforða Seðlabankans. Þá hefur forsætisráðherra látið að því liggja, að til standi að egna gildirur fyrir spákaupmenn sem tekið hafi stöðu gegn íslensku efnahagslífi, svokallaðar bjarnargildirur, væntanlega með vísun í bandaríska fjárfestingarbankann Bear Stearns.

Hækkun á gengi íslensku bankanna og lækkandi skuldatryggingarálag þeirra er ekki aðeins rakið til hagstæðari skilyrða á alþjóðavettvangi, heldur ekki síður til væntinga um útspil íslenskra stjórnvalda á næstu dögum. Nú er lag, segja menn, þegar útlitið er aðeins bjartara og kjörin betri á lánamörkuðum. En gerist ekkert, vara þeir hinir sömu við, er hætt við því að einhver afturkiptur geti komið og jafnvel nýiður-sveifla.



Aukin harka

Kunnugir merkja aukna hörku af hálfu íslenskra fjármálafyrirtækja í samskiptum við erlenda fjölmiðla og kemur það væntanlega ekki til af góðu. Hér áður fyrr var viðkvæðið að láta villandi eða jafnvel rangan fréttatflutning af íslensku útrásinni eiga sig, enda tæki því ekki að elta ólar við allt sem birtist á prenti. Nú er öldin hins vegar önnur og til marks um það eru leiðréttingar í enskum dagblöðum um liðna helgi, þar sem bæði Daily Mail og Sunday Times birtu leiðréttingar vegna fregna úr fyrri viku, þar sem því var haldið fram að breskir sparifjáreigendur tækju nú fé sitt í stórum stíl út úr innlánsreikningum íslensku bankanna, þ.e. Icesave Landsbankans og Kaupthing Edge.

Sérfræðingar á markaði segja að nú hafi talsmenn bankanna fengið skýr fyrirmæli frá stjórnendum um að leiðrétta strax allar rangar fréttir og ganga hart eftir því að skaðlegar fréttir, sem ekki er fótur fyrir, birtist í fjölmiðlum. Kemur þetta ekki síst í kjölfar fregna af erlendum spákaupmönnum og skortsölum, sem hafa hagsmuni af því að miðla neikvæðum fréttum af tilteknum fyrirtækjum og jafnvel löndum í þeim tilgangi að hagnast sjálfir á lækkun á gengi hlutabréfa eða breytingum á gengi gjaldmiðla.



785 prósentuhlutfall ávöxtunar fjárfestisins Haochen Hu, sem var valinn fjárfestir ársins í fyrra

10 Spá Greiningar Glitnis um verðbólgu í þessum mánuði, mælt í prósentum.

370 milljónir markaðsvirði fimmtíu milljón hluta í Atorku sem Eagle Investment Holdings seldi í vikunni sem leið, í krónum talið.

Gæði og gott verð!

Stofuhúsgögn



Fataskápar



Bókahillur



Tölvuborð



Barnahúsgögn



Skrifborðsstólar



VÖNDUÐ HÚSGÖGN
FRÁ DANMÖRKU
OG ÞÝSKALANDI
Á LÁGU VERÐI

Skrifstofuhúsgögn




Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is

skv. könnun Capacent 1. nóv. 2007 - 31. jan. 2008



Við stöndum upp úr

Markaðurinn, viðskiptablaðFréttablaðsins, er með 55% meiri lestur en Viðskiptablað Morgunblaðsins miðað við 20-45 ára en 46% meiri lestur miðað við 25-49 ára.

Viðskiptafréttir...



...alla daga